

DRÍFA BJARNADÓTTIR

Öll fjölskyldan oft í sófanum í einu

heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Stór þakgarður með heitum potti

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÓLAFUR ODDGEIR SIGURÐSSON

Stendur vaktina í Hjartarbuð

Þekkir flesta með nafni

FÓLK 21



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. janúar 2008 – 20. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Hugmyndir og hagnýt ráð

www.allirmed.is er nýr vefur um fjölmennningarlegt starf á leikskóla.

TÍMAMÓT 16



Hermíkrakur

Atli Rafn, Hjálmar Hjálmarsson og Freyr Eyjólfsson eru meðal þátttakenda í eftirhermu-keppni Loga Bergmanns.

FÓLK 30



Hrákar á almannaferi

„Það kann að vera munur á skrifstofumanninum sem hrækir tyggigúmmi á götu og langvíunni sem dritar á klettinn,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 12

Stigalausir í milliriðilinn

Íslenska handboltalandslíðið tapaði með níu marka mun fyrir Frökkum á EM í handbolta í gær.

ÍPRÓTTIR 24 OG 26



VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR Í dag verður vaxandi suðaustanátt, 10-18 m/s sunnan og vestan til í kvöld. Stöku el suðvestanlands en yfirleitt nokkuð bjart með norður- og austurströndinni. Frost víðast 0-7 stig en hlánar smám saman sunnan og vestan til.

VEÐUR 4



Á SLYSSTAÐ Klippa þurfti þrjá út úr öðrum bílnum. Ökumaður hins bílsins er grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Árekstur á óvirkum ljósum

LÖGREGLUMÁL Árekstur tveggja bíla varð á mótum Kringlumýrarbrautar og Sæbrautar um miðjan dag í gær. Lögregla segir bílstjóra og tvo farþega hafa verið fasta í bíl sínum eftir áreksturinn. Þeir voru svo fluttir á slyssadeild og reyndust meðsl þeirra lítil. Bílstjóri hins bílsins er grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Umferðarljósin á mótum Kringlumýrarbrautar og Sæbrautar hafa verið óvirk í rúma viku og nokkrir árekstrar orðið. Að sögn Dagbjarts Sigurbrandssonar, umsjónarmanns umferðarljósa í Reykjavík, hefur bilun af þessu tagi aldrei komið upp áður. Ekki er vitað fyrir víst hvað veldur en Dagbjartur vonast til að á því ráðist bót í dag.

- þeb

Mennta útlendinga til að manna störfin

Þrjátíu manns vantar í aðhlyningu á Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði. Hjúkrunarrymi standa auð. Boðið er upp á launað nám gegn starfi í tvö ár.

HJÚKRUNARHEIMILI Svo mikil mann-ekla hrjáir Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði að ákveðið hefur verið að bjóða innflytjendum upp á tveggja mánaða nám á launum gegn því að þeir starfi hjá Hrafnistu í tvö ár. Í Hafnarfirði er sjö hjúkrunarrymum Hrafnistu haldið auðum vegna manneklu.

Alma Birgisdóttir, hjúkrunarforstjóri á Hrafnistu, segir að í Hafnarfirði og Reykjavík vanti nú fólk í um þrjátíu stöðugildi í aðhlyningu og sjúkraliða og í Hafnarfirði vanti hjúkrunarfræðinga í þrjú stöðugildi.

Sveinn Skúlason forstjóri segir

að ástandið hafi ekki verið jafnslæmt síðustu tíu ár. Hrafnista hafi stífa reglu um að fólk í aðhlyningarstörfum kunnir íslensku en aðeins útlendingar sækir um störf og því sé brugðið á það ráð að mennta fólk.

„Ástandið hefur verið óvenjulegt frá því í haust. Sífellt er verið að segja að spennan í þjóðfélaginu fari minnkandi en það virðist ekki vera þannig,“ segir Sveinn.

Hrafnista hefur við dræmar undirtektir auglýst eftir fólki síðustu mánuði og hefur því verið ákveðið að koma á legg tilrauna-

verkefni þar sem fimmtán innflytjendum er boðið upp á tveggja mánaða nám á launum. Miðað er við að bæði starfsmenn innan Hrafnistu, til dæmis úr ræstingum, og almennt úr samfélaginu geti sótt um. Umsækjendur þurfa að taka stöðupróf.

„Skólann köllum við Öldubryót. Fyrsti mánuðurinn er fyrst og fremst íslenskunám en síðan er stór hluti af náminu að kynna því hvernig við Íslendingar lifum,“ segir Sveinn.

Um þrjátíu umsóknir hafa borist og er miðað við að skólinn hefjist 15. febrúar.

- ghs

Sölufélag garðyrkjemanna: Óvenjuslæm gúrku tíð í vetur

MATVÖRUR Gúrkuskortur hefur verið á höfuðborgarsvæðinu um helgina þar sem innlendir framleiðendur á agúrkum hafa ekki haft undan við að framleiða gúrkur yfir mesta skammdegið og senda í búðir. Guðlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjemanna, segir að gúrkur geti vantað hluta úr degi í búðum. Búast megi við að innflutningur á gúrkum aukist næstu mánuði.

Guðlaugur segir að alltaf sé minna framboð af íslenskum gúrkum á veturna. Það helgist af því að ekki séu allir framleiðendur með lýsingarbúnað en það standi til bóta. „Menn hafa vissulega verið að auka framboðið síðustu árin en á sama tíma eykst salan meira en því nemur. Niðurstaðan er sú að það er viðvarandi skortur á gúrkum,“ segir hann.

- ghs

Barnum stefnt vegna reykingaaðstöðu innandryra:

Reykingastríð í uppsiglingu

HEILBRIGÐISMÁL Reykjavíkurborg hefur ákveðið að stefna Barnum fyrir að hafa reykklefa innandryra, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Kormákur Geirharðsson hjá Félagi kráareigenda segir að þolinmæði verta borgarinnar sé að þverra vegna reykingabannsins – engin viðunandi lausn sé í sjónmáli. Farið verði með málið alla leið ef til þarf. „Af hverju ekki að

skoða sænsku lögin? Síðan hvernær erum við meiri þúritanar en Svíar?“ spyr Kormákur. Í Svíþjóð megi hafa reykrymi innandryra að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Kormákur segir þess jafnframt dæmi að kráareigendur séu farnir að sjá í gegnum fingur sér við þá sem reykja inni í vondu veðri.

Rósa Magnúsdóttir hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar segir aðstöðu Barsins klárlega brjóta í

bága við tóbakslög. Aðeins megi reykja úti. Hún bendir jafnframt á að heilbrigðisfyrirvöld framfylgi aðeins lögunum og því sé við löggjafann að sakast ef veitingamenn eru óánægðir.

„Við erum bara að vinna vinnuna okkar. Við höfum skoðað þau úrræði sem við höfum – að kæra og innsigla – og látið á það reyna hvort þeir fari eftir tilmælum okkar.“

- jbg / sjá síðu 46

Nýjung

Meistaraflokkssúpur

Girnileg nýjung með 2 í pakka. Fæst í næstu verslun.

Maggi Masterklass MEDMÆLI

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

6 tommu bátur

299 kr.

Gildir í janúar 2008. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki í Spítumáli.

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

Subway

HjartaHeill

TENGI

HANSASTELA BLÖNDUNARTÆKI

HANSA

Ópió virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

tengi.is

Smíðjuvegi 76 • 200 Kópavogi
Baldursnesi 6 • 603 Akureyri

SPURNING DAGSINS



Guðmundur, vantar ekki bara nuddolíu í umræðurnar?

„Heitir það ekki sleipiefni?“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir viðræður samtakanna og Rafiðnaðarsambandsins „nuddast áfram“. Guðmundur er formaður Rafiðnaðarsambandsins.

Lögreglan í Reykjavík: Fjórtán ára í ökuferð

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði fjórtán ára gamlan ökumann á Miklubraut aðfaranótt sunnudags. Drengurinn hafði tekið bíl foreldra sinna ófrjálsri hendi. Tveir farþegar voru í bílnum, einnig fjórtán ára gamlir.

Þá varð umferðarslys á Gullinbrú í Reykjavík aðfaranótt sunnudags. Ökumaður missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að hann rann á ljósastaur. Ökumaðurinn hlaut höfuðmeiðsl, en farþegi í bílnum slapp ómeiddur. - þeb

Skrýtin lykt í stigagangi:

Eldamennskan varð að útkalli

LÖGREGLUMÁL Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að fjölbýlishúsi við Kaplaskjólsvægum um miðjan dag í gær.

Talið var að eldur hefði komið upp í íbúð í húsinu, þar sem sérkennilega lykt hafði lagt um stigagang hússins. Íbúum þótti lyktin helst líkjust lykt af brennandi plasti og ákváðu því að hringja á slökkviliðið. Allt tiltækt lið var sent á staðinn.

Þegar slökkvilið kom á staðinn kom hins vegar í ljós að húsráðendur höfðu aðeins verið að elda sér mat. - þeb

REYKJAVÍK

25 milljónum safnað

Tónleikar til styrktar Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna voru haldnir í gær. Að þeim loknum var styrktarfélaginu afhent ávísun upp á þrjár milljónir króna. Á þeim níu árum sem tónleikarnir hafa verið haldnir hafa því safnast yfir 25 milljónir króna.

Birni Bjarnasyni hugnast ekki að Bobby Fischer verði grafinn á Þingvöllum:

Þjóðargrafreiturnir hvíli áfram í friði

SAMFÉLAGSMÁL Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og formaður Þingvallanefndar, er ekki hrifinn af þeirri hugmynd að Bobby Fischer, fyrrum heimsmeistari í skák, verði jarðsettur í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum.

„Þann tíma, sem ég hef setið í Þingvallanefnd hefur ekki annað verið rætt um þjóðargrafreitinn en að hann fái að hvíla í friði. Ég er þeirrar skoðunar að svo eigi að vera áfram,“ segir Björn í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Forsvarsmenn RJF-stuðningsmannahópsins, sem á sínum tíma hjálpuðu til við að koma Fischer til Íslands, hafa kynnt þá hug-



BOBBY FISCHER

BJÖRN BJARNASON

mynd að skáksnillingurinn verði greftraður í þjóðargrafreitnum. Fyrir eru þar grafir Einars Benediktssonar og Jónasar Hallgríms-

sonar. Fischer lést á fimmtudag eftir erfið veikindi.

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og nefndarmaður í Þingvallanefnd, lýsti efasemdum um hugmyndina í viðtali við Ríkisútvarpið í gær. Aldrei hafi verið rætt um grafreitinn í þau þrettán ár sem hann hafi átt sæti í nefndinni. Formlegt erindi þess efnis yrði þó tekið fyrir sem önnur.

RJF-hópurinn ræddi það einnig á fundi sínum um málið að Fischer ætti að fá opinbera útför að hluta. Össur lagði til að vel myndi fara á því að Skáksamband Íslands annaðist útförina. - sh

Guðni er hnugginn vegna flokksdeilna

Guðjón Ólafur Jónsson segist vera með mörg hnífasett í bakinu eftir Björn Inga Hrafnsson. Guðni Ágústsson er hissa á framgöngu Guðjóns Ólafs síðustu daga.

STJÓRNMÁL „Ég er með mörg hnífasett í bakinu eftir þennan mann,“ sagði Guðjón Ólafur Jónsson, fyrrum þingmaður Framsóknarflokksins, um samflokksmann sinn og borgarfulltrúann Björn Inga Hrafnsson í sjónvarpsþættinum Silfri Egils í gær. Guðjón sagði hótun Björns Inga um að hætta í flokknum vera leikrit, sett á svið til að fá samúð flokksmanna sinna og stuðning.

Björn Ingi lét hafa eftir sér í fréttum Sjónvarps í fyrravöld að deilur innan flokksins væru orðnar honum svo erfiðar að ef þeim linnu ekki treysti hann sér varla til að „halda þessu áfram,“ og vísaði þar til starfs síns innan flokksins. Þetta sagði hann inntur eftir viðbrögðum við bréfi sem Guðjón sendi flokksystkinum sínum þar sem hann lýsir áhyggjum af flokknum og starfi hans.



GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON

Í bréfi sínu nefnir Guðjón jafnframt að sögur séu á kreiki um að dýr fatnaður hafi verið keyptur á Björn Inga á kostnað flokksins fyrir síðustu borgarstjórnarkosningarnar. Því hefur Björn Ingi enn ekki neitað.

Guðjón sagði jafnframt í Silfri Egils að hann væri ekki sá eini sem farið hefði illa út úr viðskiptum sínum við Björn Inga, og tiltók sérstaklega Jónínu Bjartmarz, Árna Magnússon og Önnu Kristinsdóttur, fyrrverandi borgarfulltrúa Fram-



FRAMGANGA GUÐJÓN KOM GUÐNA Á ÓVART

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir framgöngu Guðjóns Ólafs hafi komið sér á óvart. Stór orð hafi fallið.

„Þetta er andstyggilegt,“ segir hann. „Manni er náttúrulega brugðið þegar svona moldviðri persónulegra átaka milli félaga á sér stað á opinberum vettvangi. Þá fellur manni allur ketill í eld. Maður verður hnugginn.“

Guðni segir að nú sé um að gera að róa allt niður, og hann muni reyna að friða menn verði þess óskað og leggja gott til málanna. „Þetta eru tveir mikilvægir forystumenn sem ég þekki báða mjög vel. Þeir hafa staðið sig vel og mikið á þá reynt.“

sóknarflokksins sem sagði sig nýverið úr flokknum. „Nú fimm árum síðar þá stendur þessi maður uppi einn með sviðna jörð allt í kringum sig og þá hlýtur maður auðvitað að spyrja hvort litli drengurinn með eldspýturnar hefði ekki betur skilið þær eftir heima,“ sagði Guðjón.

Anna tekur undir með Guðjóni. „Ég þekki þessa sögu sem Guðjón sagði og veit að þetta er staðreynd,“ segir hún. Hún laut í lægra haldi fyrir Birni Inga í baráttu um efsta

sætið á lista framsóknarmanna í borginni en ákvað að taka ekki annað sætið. „Það var einfaldlega vegna þess að ég treysti mér ekki til að vinna með honum,“ segir Anna. Hvorki náðist í Jónínu Bjartmarz né Árna Magnússon.

EKKI náðist í Björn Inga Hrafnsson í gær, en í skilaboðum sem hann sendi Vísi.is segir hann málið manlegan harmleik og að persónuleg árás sem þessi eigi sér vart forðæmi í íslenskum stjórnmálum.

stigur@frettabladid.is

Grænlenka landsþingið:

Ruth Heilmann kjörin forseti

GRÆNLAND Ruth Heilmann, þingmaður grænlenka jafnaðarmannaflokksins Siumut, var á föstudag kjörin nýr formaður grænlenka landsþingsins. Þingflokkar Siumut og stjórnanandstöðuflokksins Atassut stóðu saman að kjöri hennar og felldu þar með naumlega Josef Motzfeldt, frambjóðanda IA, flokks sjálfstæðisinnna sem er í stjórnarsamstarfi við Siumut.

Heilmann er fyrsta konan sem gægnir embætti þingforseta á Grænlandi. Til kjörsins kom eftir að Jonathan Motzfeldt sagði af sér vegna rannsóknar á ásökunum um kynferðislega áreitni. - aa



Á SUÐURSKAUTSÍSNUM Norski forsætisráðherrann Jens Stoltenberg heimsótti vísindamenn á suðurskautinu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vísindamenn NASA:

Spá hækun sjávarborðs

VÍSINDI Vísindamenn bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA hafa komist að því að ísinn á Suðurskautslandinu bráðnar það hratt, að haldi bráðnunin áfram með svipuðum hraða geti sjávarborð í heiminum hækkað um allt að tvo og hálfan metra fram til ársins 2100.

Að þessari niðurstöðu komust vísindamennirnir eftir greiningu á gervihnattamyndum af suðurskautinu síðastliðin tíu ár, en niðurstöðurnar hafa þeir nú birt í tímaritinu Nature Geoscience. - aa

Ný könnun í Danmörku:

Jafnaðarmenn tapa fylgi

DANMÖRK Fylgi danska Jafnaðarmannaflokksins hefur dalað um eitt prósent frá því í kosningunum 13. nóvember, samkvæmt niðurstöðum nýrrar Gallupkönnunar fyrir Berlingske Tidende. Flokkurinn fengi aðeins 24,5 prósent atkvæða ef koskið yrði nú. Stjórnanflokkarnir auka aftur á móti lítillega við fylgi sitt.

Nýtt bandalag, sem næstum komst í oddaðstöðu í kosningunum, mælist nú undir tveimur prósentum sem þýðir að það myndi ekki fá fulltrúa kjörinn. Það sama gildir um vinstrjaðarflokkinn Einingarlistann, sem náði naumlega inn á þing síðast, og um Kristilega demókrata. - aa

Samningafundur halda áfram milli aðila vinnumarkaðarins í Karphúsinu í dag:

Geta haft afdrifarík áhrif

VINNUMARKAÐUR Fundir halda áfram í dag milli Samtaka atvinnulífsins, SA, og forystumanna verkalýðshreyfingarinnar. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, telur að fundirnir geti haft afdrifarík áhrif á framþróun kjarasamninga. Margir innan verkalýðshreyfingarinnar séu grautfúlir yfir SA og velti fyrir sér hvað sé að marka atvinnurekendur.

„Það liggur fyrir að sum landssambandanna eru búin að fá sig mikið meira en fullsöð á framkomu SA í þessum samningum,“ segir Guðmundur og bendir á að hjá mörgum rafiðnaðarfyrirtækjum séu menn undrandi á því hvernig SA hagar sér. „Fyrirtæki í okkar bransa vilja klára þetta dæmi, það kom fram á samningafundi á fimmtudag en SA stoppaði það.“

Guðmundur segir að rafiðnaðarmenn séu tilbúnir til að ræða tveggja ára samning að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ef ekkert uppbyggilegt komi frá atvinnurekendum í dag snúi þeir sér aftur að kröfum um eins árs samning.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir að í dag verði haldið áfram með málefni fiskvinnslufólks, þá sé unnið að nýjum



SKÝRIST Í DAG „Það kemur í ljós í dag hvernig atvinnurekendur taka því,“ segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

samningi fyrir beitningafólk um allt land. Slíkur samningur hafi ekki verið til áður.

„Við erum að vonast til að það gangi upp en það kemur í ljós í dag hvernig atvinnurekendur taka því,“ segir hann. - ghs

Mánudagstilboð

Úr Fiskborði NÓATÚNS

998 kr.

Verð áður: 1.298.-

Ýsa í raspi

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI FISKRETTUM Í NÓATÚNI

NÓATÚN



NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

www.nova.is

Hjá Nova færðu aðgang að stærsta skemmtistað í heimi, Internetinu, beint í símann þinn!



Internetið // MSN
CNN // MTV // Skífan TV
Hringtónar // Vinatónar



NOKIA E51

Frábær sími fyrir Internetið,
tölvupóstinn og MSN!

1.990 kr.
á mánuði í 12 mán.

Tilboðsverð staðgreitt:

22.900 kr.

Fullt verð: ~~34.900 kr.~~

Það eina sem þú þarft að gera til að eignast þennan nýja farsíma á þessu frábæra tilboðsverði er að nota hann fyrir 3.000 kr. eða meira á mánuði.*

Nova býður þennan farsíma og fjölda annarra á frábæru tilboðsverði!

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 1.990 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkortu út samningstímenn.
Tilboðsverð staðgreitt: 22.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkortu.

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	65,1 65,42
Sterlingspund	127,54 128,16
Evra	95,14 95,68
Dönsk króna	12,761 12,835
Norsk króna	11,884 11,954
Sænsk króna	10,098 10,158
Japanskt jen	0,605 0,6086

SDR	102,76	103,38
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
125,6062		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Forseti Georgíu: Sór embættiseið sinn í gær

GEORGÍA, AP Mikheil Saakashvili, forseti Georgíu, sór embættiseið í gær og hét því við það tækifæri að bæta sambandið við Rússa um leið og sambandið við Bandaríkinn og Vesturlönd yrði eftir.



MIKHEIL SAAKASHVILI

Meðan Saakashvili sór embættiseið sinn mótmæltu tugir þúsunda Georgíumanna annars staðar í borginni og kröfðust þess að atkvæðin í forsetakosningunum 5. janúar yrðu talin aftur og að Saakashvili segði af sér vegna kosningavindls.

Georgian Times hafði eftir Reuters um helgina að georgískir embættismenn væru í London til að ákæra Patakatsishvili, einn af helstu keppinautum Saakashvilis, fyrir að hafa undirbúið byltingu og gert tilraunir til að múta mönnum í Georgíu.

Hæstiréttur: Þyngja dóm kylfumanns

DÓMSMÁL Hæstiréttur þyngdi dóm Héraðsdóms Reykjaness yfir karlmanni sem réðst að öðrum með hafnaboltakylfu, úr fimmtán mánaða fangelsi í átján mánuði.

Hann var sakfelldur fyrir að slá fórnarlambið með kylfunni í höfuð og líkama en einnig fyrir að slá hann hnefahöggi í höfuðið. Hlaut fórnarlambið sár og mar í andliti, á brjóstakassa, öxl og framhandleggjum.

Árásarmaðurinn var á reynslu-lausn en hann átti eftir að afplána 330 daga af eldri dóm og bættust þeir við í dómnum.

Forkosningar demókrata og repúblikana í Nevada og Suður-Karolínu:

McCain og Clinton hafa betur

BANDARÍKIN, AP John McCain vann prófkjör Repúblikanaflokksins í Suður-Karolínu um helgina, og Hillary Clinton fékk yfir helming atkvæða í forkosningum demókrata í Nevada. Aðalkeppinautur hennar um útnefningu flokksins til forsetaframbóðs, Barack Obama, fær þrátt fyrir það meirihluta kjórmanna Nevada.

McCain sagði eftir sigur sinn í Suður-Karolínu að baráttan um útnefningu Repúblikanaflokksins væri „enn galopin“, en þessi sigur sinn gæfi sér meðbyr í næsta stóra slag í Flórída. Mitt Romney, keppinautur McCain, vann í forkosningum repúblikana í Nevada, en lítil barátta fór fram um þá tiltölulega fáu kjórmenn sem þaðan koma.

Hillary Clinton fékk 51 prósent atkvæða þeirra sem mættu á kjörfundi Demókrataflokksins í Nevada en Obama 45 prósent. Reglur um útteilingu kjórmanna ollu því þó að 13 af 25 kjórmönnum demókrata frá Nevada munu styðja Obama en tólf Clinton.

Næst kljást þau Clinton og Obama um atkvæði demókrata í Suður-Karolínu, þar sem yfir helmingur kjósenda er svartur.



CLINTON-HJÓNIN FAGNA Hillary og Bill Clinton fagna með stuðningsmönnum í Las Vegas í Nevada á laugardagskvöld.

Kosið á Kúbu:

Castro enn í framboði

KÚBA, AP Um 8,4 milljónir kjósenda streymdu í gær á kjörstaði á Kúbu til að kjósa að forminu til nýtt þjóðþing. Efstur á eina framboðslistanum var hinn 81 árs gamli Fídel Castro.

Raúl Castro, yngri bróðir Fídel, sem farið hefur fyrir stjórn landsins í fjarveru hans, tilkynnti að hið nýja þing kæmi saman 24. febrúar og þar yrði nýtt ríkisráð staðfest í embætti. Þrátt fyrir að Raúl hefði tekið við völdum í júlí 2006 hefur Fídel áfram verið forseti ríkisráðsins. Eftir á að koma í ljós hvort hann verði það áfram eða dragi sig formlega í hlé.

Dýrast er að vera með börn í leikskóla á Ísafirði

Leikskólalátt er dýrast á Ísafirði miðað við almennt gjald fyrir eitt barn í fullu fæði og næstdýrast í Garðabæ en ódýrast í Kópavogi. Þetta kemur fram í samanburði á gjöldum tólf sveitarfélaga.

LEIKSKÓLAR Leikskólalátt eru dýrust á Ísafirði ef miðað er við pláss fyrir eitt barn í fullu fæði í nokkrum fjölmennustu sveitarfélögum landsins. Næstdýrust eru þau í Garðabæ. Á Ísafirði kostar leikskólalátt ásamt fullu fæði 30.448 krónur á mánuði en í Garðabæ kostar það 29.970 krónur.

Klukkustundin á leikskóla er dýrust í Garðabæ, á 3.200 krónur, en það gefur ekki rétta mynd af greiðsluhlutdeild foreldra því leikskólavölin er alls staðar niðurgreidd. Á Ísafirði er klukkustundin á 2.840 en ódýrust er hún í Reykjavík, kostar 1.760 krónur.

Leikskólafulltrúarnir Guðríoður Helgadóttir og Guðrún Helga Bjarnadóttir hafa tekið saman yfirlit yfir leikskólaláttir tólf sveitarfélaga í landinu. Þau eru Akureyri, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjavík, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Reykjanessbær, Árborg, Ísafjarðarbær, Vestmannaeyjar og Fljótshálfgrönd.

Í samantektinni kemur fram að ódýrast sé að vera með eitt barn í fullu fæði í leikskóla í Kópavogi. Þar kostar átta tíma vistun með fæði 19.924 krónur. Reykjavík er næstdýrust með 20.150 krónur en annars kostar almennt gjald fyrir eitt barn leikskóla á bilinu 22.199 á Akureyri upp í 26.580 krónur í Vestmannaeyjum.

Séu báðir foreldrar í námi, eða



ÍSFIÐINGAR GREIÐA HÆSTA GJALDIÐ Íbúar í Ísafjarðarbæ greiða hæsta almenna gjaldið fyrir eitt barn í fullu fæði miðað við gjaldskrána í tólf sveitarfélögum í landinu. Þeir greiða tæplega 30.500 krónur á mánuði.

um einstætt foreldri að ræða, er leikskólalátt dýrast á Ísafirði, tæplega 22.500 krónur, og næstdýrast í Garðabæ eða tæpar 22.300 krónur. Langóðýrast er það í Reykjavík, kostar 11.910 krónur og næstdýrast í Kópavogi þar sem það kostar 15.620 kr. á mánuði.

Í minnst þremur sveitarfélögum er gjaldfrjáls leikskóli en það er í Súðavík, Hvalfjarðarsveit og Fljótshálfgrönd/Hallormsstað.

Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra á Ísafirði, kemur nokkuð á óvart að leikskólaláttin á Ísafirði komi svo dýr út í samanburði við önnur sveitarfélög þar sem leik-

skólaláttir og fæðisgjald hafi lækkað um tíu prósent frá síðustu áramótum. Þá hafi gjaldskráin ekki hækkað frá 2005.

Hann bendir á að Ísafjarðarbær hafi farið aðrar leiðir en að lækka bara gjaldskrá. Nú sé frítt fyrir þriðja barn og svo gildi gjaldskráin líka fyrir systkini hjá dagmóður eða í lengdri viðveru í grunnskóla. Þá sé frítt í fjóra tíma fyrir fimm ára börn í leikskóla.

„Það má segja að þetta skili sér ekki þegar gerður er strípaður samanburður á gjaldskrá,“ segir Halldór.

ghs@frettabladid.is

DÝRUSTU OG ÓDÝRUSTU LEIKSKÓLALÁTTIN

Almennt gjald fyrir eitt barn með fæði

Sveitarfélag	Krónur
Ísafjörður	30.448
Garðabær	29.970
Seltjarnarnes	27.295
Vestmannaeyjar	26.580
Fljótshálfgrönd	26.265
Árborg	25.749
Reykjanessbær	24.350
Mosfellsbær	23.810
Akureyri	22.199
Hafnarfjörður	22.797
Reykjavík	20.150
Kópavogur	19.924

Hollustuhornið
Hollustusamloka og Egils Kristall tilboðsverð kr. 399.-

Select

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» miðvikudagur

um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C alskýjað	London	13°C alskýjað	Friedrichshafen	7°C skúrir
Billund	5°C skúrir	Paris	12°C léttskýjað	Lúxemborg	10°C hálfskýjað
Oslo	-1°C léttskýjað	Amsterdam	11°C skúrir	Alicante	20°C heiðskirt
Stokkhólmur	3°C skúrir	Frankfurt	11°C rigning	Róm	14°C heiðskirt
Gautaborg	5°C skúrir	Berlin	10°C rigning	Las Palmas	22°C heiðskirt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

118

ja.is

Símaskráin



Þarftu að breyta þér í Símaskránni 2008?

Móttöku auglýsinga og skráninga í **Símaskrána 2008** fer senn að ljúka.

Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þíns hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma **522 3200** eða sendu tölvupóst á **ja@ja.is**.

Skráningu lýkur 31. janúar 2008.

ja

– er svarið



Fylgist þú með Evrópumótinu í handbolta?

Já	70,4%
Nei	29,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér að grafa eigi Bobby Fischer í þjóðargrafitnum á Þingvöllum?

Segðu þína skoðun á visir.is



Starfshópur um skipulag austurhluta Vatnsmýrarinnar fjalli um lestarsamgöngur: Lest fær inni í samgöngumiðstöðinni

SKIPULAGSMÁL Skoða á möguleika á að hugsanlegt léttlestarkefni og eða hraðlest er gangi milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar nýti fyrirhugaða samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni.

Stýrihópi um deiliskipulag austurhluta Vatnsmýrarinnar verður falið að gera athugun á þessu, ásamt mörgu fleiru.

Hópurinn verður einn undirhópa stýrihóps um heildarskipulag Vatnsmýrarinnar sem Svandís Svavarsdóttir, VG, veitir formennsku.

Ekki hefur verið skipað í hópinn en gert er ráð fyrir að í honum sitji fulltrúar hagsmunaaðila á svæðinu; Háskólans í Reykjavík, Valsmanna ehf., eiganda Hótelis Loftleida og samgönguráðuneytis, auk Svandísar og tveggja annarra úr hópnum sem skoðar heildarskipulagið.

Drög að erindisbréfi liggja fyrir og á hópnum meðal annars að vinna meginlínur fyrir framtíðar-



VATNSMÝRIN Horft að Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

skipulag austurhluta Vatnsmýrarsvæðisins á grundvelli niðurstaðna úr hugmyndasamkeppni auk þess að gæta þess að uppbygging á svæðinu taki mið af meginlínunum heildarskipulags. Þá á hópnum að eiga hlut að opinni og öflugri umræðu um skipulag í Vatnsmýri.

- bps

Þingmenn í allsherjarnefnd: Sátu föst á Litla-Hrauni

ALÞINGI Þingmenn í allsherjarnefnd Alþingis lentu í því að festast á Litla-Hrauni í síðustu viku. Þingmennirnir höfðu verið í heimsókn í fangelsinu. Þegar halda átti heim festist rúta þingmannanna á bílastæðinu fyrir utan fangelsið. Þingmaðurinn Ágúst Ólafur Ágústsson segir frá þessu á bloggsíðu sinni.

Samkvæmt Ágústi tókst að koma rúttunni í frelsi með samstilltu átaki löggjafarvalds og yfirmanna fangelsismála.

Þingmennirnir ræddu við fanga á Litla-Hrauni, og segir Ágúst mikilvægt að heyra athugasemdir þeirra milliliðalaust.

- þeb

NETBANKINN FLYTUR

Reyndar er það skrifstofa Netbankans sem flyst úr Ármúla 13a í Lágmúla 6, aðra hæð.

Netbankinn verður eftir sem áður á sama stað á Netinu – www.nb.is.



Kostir Netbankans eru ótvíræðir:

- Betri vextir
- Fjölbreytt íbúðalán
- Hagstæðari kjör á lánum
- Lægri yfirdráttarvextir

www.nb.is



Stjórnarflokkar freista framhalds í Færeyjum

Eftir lögþingskosningarnar í Færeyjum á laugardag ætla flokkarnir þrír sem sátu í stjórn síðasta kjörtímabil að ræða saman um framhald samstarfsins. Jóannes Eidesgaard lögmaður er í veikri stöðu þar sem flokkur hans missti eitt þingsæti.

FÆREYJAR Formenn flokkanna þriggja, sem störfuðu saman í færeysku landstjórninni á síðasta kjörtímabili, eru sammála um að ræða saman um áframhaldandi stjórnarsamstarf, þrátt fyrir að hafa tapað nokkru fylgi í lögþingskosningunum á laugardag.

Staða Jóannesar Eidesgaards lögmanns er nú mun veikari þar sem flokkur hans, Jafnaðarmannaflokkurinn, tapaði einu þingsæti. Fyrir kosningar höfðu stjórnarflokkarnir þrír – Jafnaðarmannaflokkurinn, Fólkaflokkurinn og Sambandsflokkurinn – allir sjö þingmenn hver. Fólkaflokkurinn og Sambandsflokkurinn héldu báðir sínum sjö fulltrúum, en samantlagt töpuðu flokkarnir þrír 5,6 prósentu fylgi eins og Högni Hoydal, formaður Þjóðveldisflokksins, var fljótur að benda á eftir að úrslitin lágu fyrir. Þjóðveldisflokkurinn hélt stöðu sinni sem stærsti flokkur á þingi, þvert ofan í spár, og hefur áfram átta þingmenn. Þetta segir Högni skapa flokknum tilkall til stjórnarþátttöku.

„Við höfum átt þokkalegt stjórnarsamstarf. Með hinum samtals tuttugu fulltrúum hafa stjórnarflokkarnir ekki misst meirihlutastuðning kjósenda. Það er eðlilegt að við ræðum saman fyrst,“ sagði Jóannes Eidesgaard lögmaður í kosningasjónvarpi eftir að úrslit voru kunn aðfaranótt sunnudags. Hvorki Eidesgaard né formenn hinna stjórnarflokkanna tveggja – Jörgen Niclasen í Fólkaflokknum og Kaj Leo Johannesen í Sambandsflokknum – hafa þó útilokað annars konar stjórnarmynstur.

Hefð er fyrir því að stjórnarmyndunarviðræður taki drjúgan tíma í Færeyjum. Óvíst er þó að það verði tilfellið nú, sérstaklega



TILKALL TIL VALDA Högni Hoydal, formaður Þjóðveldisflokksins, á kjörstað ásamt syni sínum Helga í Þórshöfn á laugardag.

NORDICPHOTOS/AFP

ef samkomulag tekst um óbreytt stjórnarmynstur.

Auk „stóru flokkanna“ fjögurra sem hér hafa verið nefndir juku báðir „litlu flokkarnir“ við sig fylgi; Miðflokkurinn fékk þrjá menn kjörna og Sjálfstjórnarflokkurinn tvo.

Í þessum kosningum voru Færeyjar í fyrsta sinn eitt kjördæmi. „Að Færeyjar skyldu verða eitt kjördæmi gagnast lýðræðinu,“

hafði færeyska útvarpið eftir Jónesi N. Dalsgaard stjórnmaláfræðingi. Hann bendir á, að nú hafi tvöfalt fleiri konur náð kjöri en áður, og það megi þakka kjördæmabreytingunni. Af hinum 33 þingmönnum Lögþingsins voru aðeins þrjár konur á síðasta kjörtímabili. Nú eru þær sjö. Talsverð endurnýjun varð líka í þingliðinu nú; fjórtán fulltrúar eru nýir á þingi.

audunn@frettabladid.is

Forsetakosningar fóru fram í Serbíu í gær:

Stefnt í vestur eða í einangrun

SERBÍA, AP Forsetakosningar fóru fram í Serbíu í gær, í skugga yfirvofandi sjálfstæðisfirlýsingar Kosovo-Albana. Valið stóð á milli frambjóðenda sem hallast annars vegar til samstarfs við Vesturlönd og hins vegar þjóðernissinna sem vill frekar halla sér að Rússlandi.

Samkvæmt fyrstu óopinberu bráðabirgðatölum stefndi í að Tomislav Nikolic, frambjóðandi Róttæka flokks serbneskra þjóðernissinna, bæri sigurorð af Boris Tadic forseta. Nikolic fengi um 39 prósent atkvæða en Tadic 35 prósent. Því kemur til úrslitaumferðar þar sem kosið verður milli þeirra tveggja þann 3. febrúar. Tadic vill stefna að inngöngu

Serba bæði í Evrópusambandið og NATO, en Nikolic að Serbar fylgi Rússum að málum. Rússar hafa með ráðum og dád stutt Serba í að standa gegn áformum um að Kosovo verði formlega skilið frá Serbíu. Tadic er reyndar alveg jafn andsnúinn sjálfstæði Kosovo.

Stjórnmalaskýrendur telja að sigrí Nikolic geti svo farið að Serbía snúi aftur á braut þjóðerniseinangrunarstefnu í stíl við þá sem við lýði var í stjórnartíð Slobodans Milosevic heitins.

ÞJÓÐERNISSINNI Tomislav Nikolic, frambjóðandi Róttæka flokksins, og eiginkona hans Dragica á kjörstað í Belgrad í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR

GÓÐIR BÍLAR

Komdu á planið til okkar og kynntu þér frábært úrval notaðra bíla, sem margir hverjir eru núna á sérstöku tilboðsverði. Byrjaðu 2008 á því að gera bestu kaup ársins!



70.809 kr.
á mánuði

Nissan Patrol 3.0 LE

Ekinn 10 þús. Nýskr. 07/07
Verð áður: 5.250.000 kr.

2007 Sjálfskiptur Nú: 4.850.000 kr.



47.426 kr.
á mánuði

Ford Explorer 4.0 XLT

Ekinn 20 þús. Nýskr. 12/05
Verð áður: 3.790.000 kr.

2005 Sjálfskiptur Nú: 2.850.000 kr.



22.477 kr.
á mánuði

Suzuki Grand Vitara

Ekinn 65 þús. Nýskr. 05/05
Verð áður: 1.760.000 kr.

2005 Beinskiptur Nú: 1.520.000 kr.



57.983 kr.
á mánuði

Mitsubishi Pajero GLS

Ekinn 56 þús. Nýskr. 06/06.
Verð áður: 4.450.000 kr.

2006 Sjálfskiptur Nú: 3.950.000 kr.



24.590 kr.
á mánuði

Isuzu Trooper 3.0

Ekinn 161 þús. Nýskr. 12/99.
Verð áður: 1.090.000 kr.

1999 Beinskiptur Nú: 790.000 kr.



35.071 kr.
á mánuði

Suzuki Grand Vitara diesel

Ekinn 47 þús. Nýskr. 08/06
Verð áður: 2.730.000 kr.

2006 Beinskiptur Nú: 2.390.000 kr.



46.520 kr.
á mánuði

Chevrolet Trailblazer LT

Ekinn 48 þús. Nýskr. 09/04
Verð áður: 3.380.000 kr.

2004 Sjálfskiptur Nú: 2.780.000 kr.



19.700 kr.
á mánuði

Suzuki Grand Vitara

Ekinn 95 þús. Nýskr. 05/05
Verð áður: 1.630.000 kr.

2005 Beinskiptur Nú: 1.330.000 kr.



14.345 kr.
á mánuði

Opel Zafira Comfort

Ekinn 116 þús. Nýskr. 02/00
Verð áður: 880.000 kr.

2000 Beinskiptur Nú: 590.000 kr.



65.755 kr.
á mánuði

Nissan Pathfinder LE IT

Ekinn 8 þús. Nýskr. 08/06
Verð áður: 4.990.000 kr.

2006 Sjálfskiptur Nú: 4.490.000 kr.



25.720 kr.
á mánuði

Suzuki SX4 4WD

Ekinn 23 þús. Nýskr. 08/06
Verð áður: 1.890.000 kr.

2006 Sjálfskiptur Nú: 1.750.000 kr.



14.125 kr.
á mánuði

Opel Astra G-Caravan

Ekinn 105 þús. Nýskr. 07/02
Verð áður: 840.000 kr.

2002 Beinskiptur Nú: 590.000 kr.



47.499 kr.
á mánuði

Nissan Pathfinder 2.5 XE

Ekinn 31 þús. Nýskr. 02/06
Verð áður: 3.760.000 kr.

2006 Beinskiptur Nú: 3.250.000 kr.



56.405 kr.
á mánuði

Nissan Murano 3.5 V6

Ekinn 46 þús. Nýskr. 06/05
Verð áður: 4.190.000 kr.

2005 Sjálfskiptur Nú: 3.850.000 kr.



58.450 kr.
á mánuði

Nissan Murano 3.5 V6

Ekinn 25 þús. Nýskr. 06/06
Verð áður: 4.690.000 kr.

2006 Sjálfskiptur Nú: 3.990.000 kr.



27.447 kr.
á mánuði

Suzuki Vitara diesel

Ekinn 110 þús. Nýskr. 07/02
Verð áður: 1.370.000 kr.

2002 Beinskiptur Nú: 1.150.000 kr.



22.915 kr.
á mánuði

Opel Astra 1.8

Ekinn 11 þús. Nýskr. 01/06
Verð áður: 1.890.000 kr.

2006 Sjálfskiptur Nú: 1.550.000 kr.



54.067 kr.
á mánuði

Nissan Murano 3.5 V6

Ekinn 26 þús. Nýskr. 05/06
Verð áður: 4.690.000 kr.

2006 Sjálfskiptur Nú: 3.690.000 kr.



29.227 kr.
á mánuði

Ford Focus C-Max

Ekinn 32 þús. Nýskr. 03/06
Verð áður: 2.260.000 kr.

2006 Sjálfskiptur Nú: 1.990.000 kr.



25.984 kr.
á mánuði

Suzuki Grand Vitara

Ekinn 78 þús. Nýskr. 05/06
Verð áður: 2.120.000 kr.

2006 Beinskiptur Nú: 1.760.000 kr.

Að sjálfsgöðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Allt að 100% lán og fyrstu greiðslu þarf ekki að inna af hendi fyrr en 1. apríl nk. Afborgunardæmin í auglýsingunni miðast við 100% lán.

Með fyrirvara um prentvillur.



Góð þjónusta!

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

INGVAR HELGASON

Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is



INGVAR HELGASON



RV Unique örtrefjaræstikerfið

- hagkvæmt, vistvænt og mannvænt



Bodil Fur,
sölumaður hjá
RV Unique í Danmörku

Nánari upplýsingar
veita sölumenn og
ráðgjafar RV

UniFlex II H Fiber ræstivagn

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Breytingar á þjónustu Íslandspóstur:

Hætt með gulu miðana

PÓSTDREIFING Íslandspóstur hætti í vor að bjóða upp á gulu miðana með áletruninni „Engan fjölpóst, takk!“ til að líma á póstkassana hjá þeim sem afþakka auglýsingar og annan fjölpóst. Ágústa Hrund Steinarsdóttir, markaðsstjóri hjá Póstinum, segir að ástæðan sé fyrst og fremst samkeppnisleg, aðrir dreifingaradilar hafi ekki boðið upp á svona miða eða virt þessa ósk.

„Okkur fannst ekki allir sitja við sama borð og þess vegna var þessi ákvörðun tekin hér innanhúss tímabundið til að fá niðurstöðu sem allir gætu sætt sig við. Nefnd með fulltrúum dreifingaradila og Póst- og fjarskiptastofn-



EKKI LENGUR Í BOÐI Íslandspóstur býður ekki lengur upp á gulu miðana með áletruninni „Engan fjölpóst, takk!“ til að líma á póstkassa.

unar var skipuð. Hún er enn að störfum og ekki komin að niðurstöðu. Ef niðurstaða fæst ekki fljótlega verðum við að ákveða hvað við ætlum að gera,“ segir hún.

- ghs



PRENTSMÍÐJA Borðliggjandi er að hluti af verðmuni á prentun bóka og tímarita hér á landi og erlendis liggur í hærri virðisaukaskatti sem greiddur er hér á landi, segir forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skatturinn skekkir samkeppnina

Íslenskar prentsmiðjur eiga erfitt með að keppa við erlendar prentsmiðjur. Greiddur er 24,5 prósent virðisaukaskattur af íslenskri framleiðslu en sjö prósent skattur af innfluttum bókum. SI íhuga málshöfðun.

IÐNAÐUR Samkeppnisstaða íslenskra prentsmiðja gagnvart erlendum prentsmiðjum er verulega skekkd með misháum virðisaukaskattgreiðslum, segir Haraldur Dean Nelson, forstöðumaður á prentæknisviði hjá Samtökum iðnaðarins (SI).

Lögfræðingar SI kanna nú grundvöll málshöfðunar til að hnekkja þeirri mismunum sem felst í niðurstöðu ríkisskattstjóra í málinu, segir Haraldur.

„Hvaða skref við tökum næst er óljóst, en við munum fylgja þessu máli áfram, og fara með það lengra,“ segir hann.

Samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra ber að greiða 24,5 prósent virðisaukaskatt af prentun bóka hjá innlendum prentsmiðjum, auk þess sem sjö prósent virðisaukaskattur er lagður á vöruna þegar hún er seld neytendum. Semji bókaútfendur við erlendar prentsmiðjur þarf hins vegar ekki að greiða virðisaukaskatt í prentunarlöndinu, og einungis sjö prósent virðisaukaskatt þegar bækurnar koma til landsins.

„Þetta skekkir augljóslega stöðu íslenskra prentsmiðja í samkeppni

við erlendar prentsmiðjur,“ segir Haraldur.

Samtök iðnaðarins sendu ríkisskattstjóra bréf vegna málsins síðastliðið sumar. Í svarbréfi frá ríkisskattstjóra segir að leggja beri sjö prósent virðisaukaskatt á sölu innlendra framleiðsluadila eða prentsmiðja á bókum og tímaritum, en sala á prentþjónustu, svo sem setningu, prentun og þess háttar, beri 24,5 prósent virðisaukaskatt. Haraldur segir að taka megir undir að vinna við einstaka þætti falli í herra skattþrepið, en þegar prentsmiðjur afhendi fullunnar bækur sé um sölu á bókum að ræða, sem eigi að falla í lægra skattþrepið.

Í flestum tilvikum fá útfendur bóka, sem stunda virðisaukaskattskylda starfsemi, virðisaukaskatt af prentun bókana endurgreiddan.

Haraldur segir að þrátt fyrir það sé málið réttlætismál, til dæmis fyrir þá sem ekki eru virðisaukaskattskyldir en gefa út bækur eða tímarit, til dæmis félagasamtök. Þá þurfi þeir sem fá skattinn endurgreiddan á endanum engu að síður að leggja út fyrir honum til að byrja með.

brjann@frettabladid.is



Góð uppskrift
að árangri

GUDMUNDUR SIGURÐSSON, VOGABÆR

Fyrirtækjapjónusta

KAUPPING
Hugsum lengra

Markmið Fyrirtækjapjónustu Kaupþings er að veita fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum framúrskarandi fjármálapjónustu og stuðla að því með faglegum vinnubrögðum að viðskiptavinir okkar nái markmiðum sínum. Við kappkostum að byggja upp langtímasamband við viðskiptavinir okkar sem grundvallast á trausti og trúnaði.

Við tökum þátt í að byggja upp fyrirtækið þitt og erum með þér alla leið!

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á info@kaupthing.is

Hitablásarar

Hinir einu sönnu
MASTER
hitablásarar

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lönsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

2042

ÁGÚST



VIÐ HÆTTUM
AÐ VINNA 😊

MÁNUDAGUR 18

SOFA ÚT
2222222

MÍÐVIKUDAGUR 20

ÞRIÐJUDAGUR 19

- NJÓTA LÍFSINS
- FARA Í HEIMSREISU
- PANTA FLUGBÍL

FIMMTUDAGUR 21

LÍFSVAL
GREITT ÚT

FÖSTUDAGUR 22

Eigðu von á góðu

Með Lífsvali, viðbótarlífeyrissparnaði Sparisjóðsins, átt þú góða möguleika á að safna myndarlegum sjóði og gera það sem þig langar til á efri árum. Lífsval er traust leið til að tryggja afkomu á eftirlaunaárunum, auk þess að vera mikilvægur bakhjarl ef slys eða langvinnan sjúkdóm ber að höndum.

Komdu í Sparisjóðinn og fáðu frekari ráðgjöf hjá þjónustufulltrúum okkar eða farðu inn á spar.is

FINN/SÍA



Hæsta einkunn í ánægjuvög fjármálafyrirtækja



SPARISJÓÐURINN

www.spar.is

Rafsuðuvélar

HELVI MIG rafsuðuvélar.
Eins og þriggja fasa.
Hagstætt verð.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK · AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

FRUMSÝND 25.01.08

CLOVERFIELD
EITTHVAÐ SKEFILEGT ER Á SVEIMI

SENDU JA COF Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru Bíómíðar fyrir tvo, tölvueikur, DVD myndir,
varningur tengdur myndinni og margt fleira!

9
HVER VINNURI!

SMS LEIÐUR

BÍÓMMÍÐI

Eldri borgarar 60+

Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanaámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færara að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 28. jan. og lýkur 18. feb. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.
Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanaámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 29. jan. og lýkur 19. feb. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.
Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið

Atvinnuleysið stendur í stað samkvæmt skýrslu Vinnuálastofnunar:

Skortur á fólki í þjónustustörf

VINNUMARKAÐUR Staða á vinnumarkaði virðist standa í stað eða fara örlítið versnandi, ef marka má skýrslu Vinnuálastofnunar um stöðu á vinnumarkaði í desembermánuði 2007. Búist er við að atvinnuleysi aukist lítillega nú í janúar og verði 0,8 til eitt prósent þegar allt er talið.

Skráð atvinnuleysi var 0,8 prósent í desember, eða að meðaltali tæplega 1.400 manns. Þetta er hátt í 40 einstaklingum meira en í nóvember, eða 2,6 prósentu aukning. Atvinnuleysi er verulega minna en á sama tíma fyrir ári þegar það var 1,2 prósent.

Á höfuðborgarsvæðinu stendur



KOLBEINN PÁLSSON

eða hélt óbreytt.

Kolbeinn Pálsson, framkvæmdastjóri Job.is, segir að minnkandi eftirspurn sé eftir

atvinnuleysi í stað, var 0,6 prósent í desember og á landsbyggðinni var það óbreytt, 1,2 prósent.

Atvinnuleysi eykst lítils háttar meðal karla á landsbyggðinni en atvinnuleysi kvenna minnkandi lítils háttar

betur launuðum störfum og störfum þar sem krafist sé sérfræðimenntunar. Skortur sé á fólki í þjónustustörf á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega á sjúkrahúsum, leikskólum og hjúkrunarheimilum.

„Á landsbyggðinni er ástandið skárra, kannski vegna þess að þar er verið að loka fyrirtækjum. Ég sé að það er mun meira skoðað af auglýsingum núna en fyrir áramót þannig að aukin eftirspurn er eftir ákveðnum störfum, kannski vegna þess að menn eru sums staðar að missa störf sín og þurfa að fara að leita aftur,“ segir hann.

- ghs

Óttast hraðakstur um nýjan Skólaveg

Óánægja er með nýjan veg fram hjá skólum og íþróttahúsi á Álftanesi. Íbúi óttast að hraðakstur verði um götuna þótt bærinn setji upp hraðahindranir. Bæjarstjórinn segir þetta rangt. Vegurinn sé hannaður með tilliti til nágrennisins.

ÁLFTANES Óánægja er meðal Álfnesinga með suma þætti deiliskipulags miðsvæðisins sem hefur verið auglýst. Gerður Björk Sveinsdóttir, íbúi við Suðurtún, gagnrýnir að gatan Breiðamýri verði fjarlægð að stórum hluta og nýr vegur, kallaður Skólavegur, lagður um skólalóðina við Álfnesskóla og austan Suðurtúns og Skólatúns á Álftanesi.

Gerður Björk segir að sínir næstu nágrannar séu margæsir og að útsýni sitt nái yfir Seltjarnarnes og Reykjavík að ógleymdum Bessastöðum. „Ég er með fimm og þriggja ára börn sem eru að byrja að feta sín fyrstu skref í umferðinni, dóttir mín byrjar í skóla næsta haust. Við fluttum í þessa íbúð fyrir einu og hálfu ári síðan og það hafði mjög mikil áhrif á ákvörðun okkar hve rólegt og öruggt umhverfið er hérna á Álftanesi. Ef þessar skipulagsbreytingar verða að veruleika þá er sá raunveruleiki gjörbreyttur,“ segir hún.

„Breytingarnar fela í sér mikla umferðargötu ofan í bakgarðinum hjá okkur. Gatan mun liggja meðfram Suðurtúni, Skólatúni, leikvellingum, grunnskólanum, íþróttahúsinu og leikskólanum. Í gegnum þessa götu á að beina nánast öllum þeim sem erindi eiga á Álftanes. Líka þeim sem hafa ekkert með það að gera. Samhliða þessu á að taka sundur götu sem heitir Breiðamýri sem hefði annars tekið á sig hluta umferðarinnar,“ segir hún.

„Þetta erum við mjög mörg mjög ósátt við. Okkur finnst þetta stærsti gallinn. Slysahættan er mikil. Gatan býður upp á mikinn



ÓTTAST SLYSAHÆTTU Gerður Björk Sveinsdóttir, íbúi við Suðurtún, er með tvö börn, þriggja og fimm ára. Hún óttast að hraðakstur verði um nýju götuna sem á að leggja fram hjá skólum og íþróttahúsi og að slysahætta stóruaukist. FRÉTTABLAÐIÐ/EYDÓR ÁRNASON

hraðakstur þótt bærinn segist ætla að setja hraðahindranir.“

Gerður Björk bendir á að breyta eigi grænu svæði sem liggur milli Suðurtúns og Norðurnesvegur í íbúðasvæði og færa Norðurnesveg. Á þessu svæði eigi svo að setja niður bensinstöð og gámastöð en þetta sé svæði sem margæsir sækja í á vorin og haustin. Bensinstöðin snúi beint að Bessastöðum og verði því næsti nágrenni forsetans á Bessastöðum.

Sigurður Magnússon bæjarstjóri segir rangt að mikil umferð verði um hinn nýja Skólaveg. Vegurinn sé hannaður með tilliti til þess að hann sé í nágrenni við skóla auk þess sem allt verði gert til að draga úr umferðarhraða og tryggja öryggi fótgangandi. Gassa arkitektar hafi þótt leysa umferðarmálin á svæðinu best af innsendum tillögum. Ekki verði þrengt að margæsunum.

ghs@frettabladid.is

Íslensk rannsókn sýnir að væntingar hafa áhrif á launamun kynjanna:

Karlar vænta hærra launa

JAFNRETTISMÁL Íslensk rannsókn sýnir að karlar vænta þess að fá hærra laun en konur fyrir sama starfið og karlar vænta þess að fá nokkurn veginn þau laun sem þeir biðja um en konur búast við mun lægri launum. Þetta kom fram í viðtölum við umsækjendur um raunverulegt starf á ráðningarskrifstofu.

Sálfræðingarnir Albert Arnarson, Haukur Freyr Gylfason og Tryggvi R. Jónsson hafa gert rannsókn á félagslegum áhrifum á launavæntingum kynjanna. Þeir könnuðu hvort munur væri á launavæntingum karla og kvenna við tilraunaáðstæður og raunverulegar áðstæður og hafa kannað hvaða áhrif upplýsingar hafa á launa-



MEIRI MENNTUN OG ÁBYRGÐ Umsækjendur um tvö störf voru skoðuð sérstaklega. Konur töldu að meiri ábyrgð og menntun þyrfti til að sinna störfunum en karlar. Tryggvi R. Jónsson er í pontu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYDÓR ÁRNASON

væntingar eftir kyni. Haukur Freyr og Tryggvi kynntu niðurstöðurnar nýlega.

Tryggvi greindi frá því að tvö störf hefðu verið skoðuð sérstaklega, starf verkefnastjóra og starf framkvæmdastjóra, og skoðaðar væntingar háskólanema. Í niðurstöðunum kemur fram að því erfiðara sem það er fyrir fólk að meta laun fyrir starf eykst mikilvægi þess að ræða um það við aðra, þó ívið meira fyrir konur en karla. Launamunur kynjanna eykst.

Einnig kemur fram að konur meta að báðum störfunum fylgdi meiri ábyrgð og að meiri menntun þyrfti til að sinna þeim en karlar. Karlarnir vildu hins vegar meta störf til hærri launa en konurnar þrátt fyrir lægra mat á menntun og ábyrgð.

- ghs

Fá persónuupplýsingar: Tuttugu nýjar rannsóknir

RANNSÓKNIR Tuttugu ný leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknir og verkefni voru gefin út af Persónuvernd í nóvember og desember.

Meðal þess sem á að rannsaka eru tengsl blóðþrýstings á barnsaldri við hjarta- og æðasjúkdóma síðar á ævinni, langtímaárangur eins árs offitumeðferðar á Heilsustofnun NLFÍ, áhrif nálastungumeðferðar á sjálfkrafa byrjun fæðingarhríða, umfang og árangur endurlífgunartilrauna á Landspítalanum og áhrif nálastungumeðferðar á grindarverki á meðgöngu.

- gar

Formaður innflytjendaráðs segir mikla grósku í grasrótinni í innflytjendamálum:

Sautján verkefni styrkt um 9 milljónir

FÉLAGSMÁL Nýlega veitti Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, styrki úr þróunarsjóði innflytjendamála og er það í fyrsta skipti sem styrkir eru veittir úr þessum nýja sjóði.

Alls hlutu sautján aðilar styrki að þessu sinni og nam heildarfjárhæðin rúmum níu milljónum króna. Var þeim skipt í þrjú flokka, þróunarverkefni, rannsóknir og önnur verkefni.

Hæstu styrkina, upp á eina milljón hvert verkefni, hlutu Reykjanesbær vegna verkefnisins Hver vegur að heiman, Barnaheill vegna Barna- og unglingalínunnar, Rannsóknarmiðstöð

Háskólans á Bifröst vegna rannsóknar á afstöðu Íslendinga til innflytjenda og Kristín Erla Harðardóttir vegna könnunar á viðhorfum til innflytjenda.

„Óhætt er að segja að verkefni sem fengu styrki sýni í raun mjög vel breiddina og gróskuna sem eru í grasrótinni í þessum innflytjendamálum,“ segir Hrannar B. Arnarson, formaður innflytjendaráðs. „Þarna eru bæði sveitarfélög, einstaklingar, stofnanir og rannsóknaraðilar að sýna með ýmsum hætti hvernig hægt er að koma að innflytjendamálum með mismunandi hætti og þarna eru mjög spennandi verkefni.“

- ovd



STYRKPEGAR MEÐ RÁÐHERRA Hópurinn er mjög fjölbreyttur enda víða unnið að málefnum innflytjenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR



BJARNI HARÐARSON Alþingismaður.

Bjarni Harðarson, Framsókn:

Vont að hækka komugjöld aldr- aðra og öryrkja

ALÞINGI Bjarna Harðarsyni, þingmanni Framsóknarflokksins, þykir það vond ráðstöfun að hækka komugjöld í heilbrigðis-kerfinu á fullorðna til að mæta tekjutapi sem hlýst af afnámi gjaldanna fyrir börn og unglínga.

Segir hann hækkinguna koma verst niður á eldri borgurum og öryrkjum.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra bendir á að aldraðir og öryrkjar njóti helmingssafsláttar og greiði því 500 krónur. Það sé ekki há fjárhæð. - bps

SJÁVARÚTVEGUR

Línuskip komið heim

Öflugt línuskip, sem Hraðfrystihús Hellissands hefur keypt frá Noregi, kom til heimahafnar í Rífi í dag. Skipið hefur fengið nafnið Örvar SH 777. Hér er á ferðinni Tjaldur II SH, sem smíðaður var fyrir K.G. fiskverkun á Rífi árið 1992 ásamt systurskipinu Tjaldí SH.

AKUREYRI

Nýr forstöðumaður RHA

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri, RHA. Guðrún Rósa er með doktorsgráðu frá Göteborgs Universitet og hefur meðal annars stýrt rannsóknasviði HA, unnið að rannsóknum og úttektum á sviði fjarnáms héraendis og erlendis og verið framkvæmdastjóri á skrifstofu Rannsóknarþings norðursins.

Föndurstofan.is

Föndurverslun

Síðumúli 15
S: 553-1800

Sjón er sögu ríkari



S3

SPORTPRENNA

S3 Sportpenna er góð leið fyrir þá sem vilja styrkja sig til árangurs og auka getu í íþróttum og líkamsrækt. Jafnframt fyrir þá sem vilja auka fitubrennslueiginleika líkamans. Hver dagskammtur af S3 Sportprennu inniheldur 1 fjölvítamíntöflu, 2 L-Karnítíntöflur og eitt hylki af omega-3 fitusýrum.

FITUBRENNSLA VÖÐVAUPPBYGGING AUKIN ORKA



www.lysi.is



Ríkisframkvæmdir í borginni:

Ábyrgð og vald

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Svokölluð Sundabraut er stærsta verkefni sem við blasir í samgöngumálum. Ekkert bendir til að efasemdir séu um að verkefnið sé aðkallandi. En pólitískar umræður um verkefnið sýna að frá sjónarhóli góðrar stjórnsýslu er ákvarðanaferlið í skötulíki.

Þess er skemmst að minnast að fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar var Sundabrautin stærsta kosningamálið. Ekki vegna þess að um hana væri deilt. Þvert á móti. Hver flokkur um sig lofaði að koma verkinu í framkvæmd á undan hinum.

Það sérkennilega við þennan málflutning var fyrst og fremst það að framkvæmdin kemur borgarsjóði ekkert við. Hún er alfarið kostuð af ríkissjóði. Með öðrum orðum: Stærsta sameiginlega kosningamálið í borgarstjórnarkosningunum var að lofa peningum úr ríkissjóði.

Síðan kom stjórn Faxaflóahafna og bauðst til að framkvæma verkefnið án útboðs og framhjá bókhaldi ríkissjóðs. Talsmenn tveggja stjórnmalaflokka fóru aukheldur í hnútukast út af eignarrétti á þeirri vitlausu hugmynd.

Borgaryfirvöld eru að sönnu ábyrg fyrir þeim þætti málsins sem snýr að borgarskipulaginu. En í þessu tilvikinu eins og mörgum öðrum er brotalóm í skipulagi stjórnsýslunnar þegar skipulagsvald og fjármálaábyrgð framkvæmda fara ekki saman.

Vegagerð ríkisins hefur nú gert opinberlega grein fyrir málinu af sinni hálfu. Um er að ræða tvo kosti. Mismunurinn er hvorki meiri né minni en níu milljarðar króna. Vegagerðin telur þar að auki ódýrari kostinn teknilega betri lausn á þeim umferðarvanda sem brautin á að leysa.

Borgaryfirvöld kjósa dýrari kostinn enda yrði sennilega um hann meiri friður í nærliggjandi hverfum. Þetta er um margt skiljanleg afstaða. Vegagerðin bendir hins vegar á að fyrir mismuninn megi leggja hluta af Miklubraut og Kringlumýrarbraut í stokk. Það yrði mikil umhverfisbót fyrir nærliggjandi hverfi. Það er líka gilt sjónarmið.

Flokkarnir í borgarstjórn vilja hins vegar ekki að málið sé lagt þannig fyrir að borgarþátttakari í heild taki afstöðu til þess hvernig má fá sem mest fyrir peningana. Ástæðan er sú að peningar í þessu tilvikinu koma borgarsjóði ekki við. Það er ókeypis fyrir borgarstjórn að bjóða upp á dýrustu lausnirnar.

Vel má vera að yfirveguð og ábyrg umræða leiði til þeirrar niðurstöðu að dýrari kosturinn sé skynsamlegri. Á þessu stigi skal ekkert um það fullyrt. Á endanum eru það íbúar í Reykjavík sem borga stærstan hluta kostnaðarinnar. En það eru þingmennirnir en ekki borgarfulltrúarnir sem eru ábyrgir fyrir skattheimtunni sem þar býr að baki.

Í því ljósi er óhjákvæmilegt að fjárveitingavaldið geri grein fyrir afstöðu sinni og verji fyrir kjósendum. Það getur ekki vikið sér undan umræðu um uppgjör milli þessara kosta með því einfalda ráði að leita skjóls hjá þeim sem bera fram kröfur án þess að bera fjármálaábyrgð.

Þetta þýðir að velji samgönguráðherra og þingmenn dýrari kostinn þurfa þeir að rökstyðja sérstaklega gagnvart þeim Reykvikungum sem fyrir þá sök verða af eða þurfa að biða eftir umhverfisumbótum í vegamálum hvers vegna það ráð er betra. Mestu máli skiptir að lyfta umræðu og ákvarðanaferli slíkrar stórfamkvæmdar á hærra plan en verið hefur hver sem niðurstaðan verður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hnífasettin hans Björns Inga

Það sem hófst með heldur óspennandi ávirðingum Guðjóns Ólafssonar um að Björn Ingi Hrafnsson hefði klætt sig á kostnað flokksmanna Framsóknar hefur heldur betur undið upp á sig. Nú hefur Björn Ingi hótað að ganga úr flokknum og Guðjón Ólafur náð nýjum hæðum í smekklæsu myndmáli þegar hann sagðist ganga um með mörg hnífasett frá Birni Inga í bakinu. Hatrammur ágreiningurinn virðist fyrst og fremst vera persónulegs eðlis og

það er lítt smekklegt að heyja stríðið fyrir allra augum. Björn Ingi hlýtur að vita um reykfyllt bakherbergi eða tvö þar sem útkljá má málið.

En hvað með fötin?

Eftir stendur spurningin um það hvort Björn Ingi keypti föt eða ekki. Hann hefur enn ekki neitað sögusögunum og nú þykist Haukur Logi Karlsson, fyrrverandi formaður ungliðahreyfingar flokksins, geta fullyrt að fötur sé fyrir þeim. Styggðaryrðum Hauks í garð Björns Inga skal þó taka með fyrirvara, þar sem hann hefur ekki beint legið á skoðunum sínum á borgarfulltrúanum síðustu misseri.

Íslamistar og Nýhilistar

Deilur eru einnig spröttar á milli Egils Helgasonar og Nýhil-liða í kjölfar viðtals Egils við Viðar Þorsteinsson fyrir rúmri viku, þar sem þeir ræddu um íslam. Nýhilistar hafa hópast í athugasemdakerfi bloggsgíða Egils þar sem þeir taka upp hans kann fyrir íslam og sverja af sér naivistastimpil. Egill nýtur þó aðstoðar Agústs Borgþórs Sverrissonar við að benda á anmarka íslamstrúar. Sum rífrildi virðast dæmd til að endast að eilífu.

stigur@frettabladid.is

Hrákar á almannafæri

Ég hef kenningu um það hvers vegna fólk hrækir svona mikið á höfuðborgarsvæðinu. Hrækir? Eru Íslendingar ekki hættir að hrækja? Nei, óekki: Tyggjóklessa er nefnilega hráki. Sá sem spýtir út úr sér tyggjóklessu er að hrækja. Og sá sem laumast til að taka út úr sér tyggjóklessu og lætur hana detta með leynd á götuna – hann er að hrækja.

Sá er þó munurinn að í tilvikum tyggjóklessunnar lifir slumman þangað til næst verður malbikað.

Helsta kennileiti Reykjavíkur er tyggjóklessan. Hún þekur opinber svæði á höfuðborgarsvæðinu: Skólalóðir, bankalóðir, verslunarlóðir, bílastæði við bókasöfn og bíó, lögreglustöðvar og sýslumannsembætti. hjólabardáverkstæði og bílaumbod – öll þessi endalaus bílastæði sem vegferð okkar í lífinu virðist einatt helguð. Almennarými líkist á höfuðborgarsvæðinu útdrituðum sjöfuglaklettum. Malbikið er dröfnóttur vitnisburður um menningarstig Íslendinga. Reykjavík er dritvík.

Það kann að vera munur á skrifstofumanninum sem hrækir tyggigúmmí á götu og langvíunni sem dritar á klettinn – en sá munur blasir ekki við. Útkoman er hins vegar jafn hvítskellótt.

Ég hef sem sagt kenningu um þetta. Hún er ekki frumleg en það hlýtur samt að vera ómaksins vert að hafa orð á henni.

Ég held að fólk hrækir svona mikið á almannafæri af því að almannafærið er svo ljótt. Engum þykir vænt um það.

Hin daglega atkvæðagreiðsla

Það er talað um að fólk greiði atkvæði með þyngjunni – versli þar sem því líkar verðið og þjónustan. Á sínum tíma var líka talað um að fólk sem bjó við kommúnismann í Austur-Evrópu hafi greitt atkvæði með fótun-



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Umgengni

um; það flúði. Mér virðist hins vegar að Íslendingar greiði atkvæði með muninum: þeir hrækir á svæðum þar sem þeim finnst ljótt.

Í Suður-Evrópu þar sem þrifnaður virðist almennt meira í hávegum hafður en hér – til dæmis á Spáni – rekur vegfaranda í rogastans ef hann rektar á pappírssnifsi á götum úti: þar eru tyggjóklessur fjarri og maður sem yrði uppvis að slíkri losun myndi mæta stórkostlegri undrun og vanþóknun. Þar eru göturnar hreinar. Og þar eru húsinn falleg og fólkið stolt af þeim.

Fegurð húsa felst ekki endilega í sjálfru formi þeirra í strangasta skilningi eða þeirri stefnu í arkitektúr sem réði. Í leiðara hér í blaðinu benti Jón Kaldal til dæmis á hús Máls og menningar á Laugaveginum sem dæmi um lifandi og fallegt hús í miðbænum sem bæði er á mörgum hæðum og byggt í fúnksjónalískum stíl. Það hús var hins vegar teiknað af arkitekt og með tiltekna þarfir í huga – þarfir fólks. Þar er til dæmis gangstétt fyrir framan þar sem fólk getur tekið hvert annað tali úti undir beru lofti en ekki breiður af bílastæðum til að leggja og hrækja á.

Fegurðin, fegurðin, fegurðin...

En fegurð húsa getur líka falist í formi þeirra: og þegar maður sér sum ný hús hér á höfuðborgarsvæðinu virðast þau teiknuð af

fólki sem er gjörseyytt form-skyni og kannski hreinlega andvígt fegurð. Þetta eru hús sem eru ljót á allt að því steigurlátan hátt.

Til dæmis hefur verið lögð rík áhersla á að reisa drungalega turna við sjávarsíðuna í Reykjavík samkvæmt einhverjum háhýsabábiljum Hrafn Gunnlaugssonar og reynt af fremsta megni að múra upp í Esjuna, Akrafjall og Skarðsheiði sem er með geðþekktu fjallasýnum landsins; í staðinn býðst okkur að horfa á Grandhótel og Skúlagötuturna.

Á lóðum slíkra húsa hraðar fólk sér úr bílnum og inn því úti er naumast stætt vegna sviptivindanna sem turnabyggðin hefur skapað – og um leið og það smeygir sér inn í hlýjuna til að fara upp á átjándu hæð og njóta útsýnisins sem það er búið kaupa sér privátagang að – þá hrækir það út úr sér tyggjóklesslummuni.

Engum þykir vænt um almannafærið. Og höfuðborgarsvæðið er yfirfullt af byggingum sem vitna um einhvers konar megn þunglyndi. Meðal þess sem gerir hús falleg er að einhverjum þyki vænt um þau, sýni þeim alúð, þrýði þau og leitist við að lifa þar grandvöru lífi. Þá er ekki stórmál þó að hlutföll kunni að vera skökk milli glugga eða ekki sé ýtrasta stílhreinlætis gætt að hætti hins svarthvíta Innlits/Útlits.

Hið fagra er satt, sögðu Fjölismenn; þá er hið ófagra líka ósatt. Fegurðin, fegurðin, fegurðin: hvað þarf að segja þetta oft? Fegurðin á að vera eina leiðarljós þeim sem reisa ný hús. Og þegar vartekrar koma og vilja rífa hús ber að spyrja: er það sem á að koma í staðinn fegurra? Eða ertu að bjóða okkur hús þar sem fólk langar að hrækja?

Góðar fréttir úr Kópavogi

UMRÆÐAN

Áfengisstefna

Það hefur oft verið mér umhugsunarefni hvernig fréttir veljast til flutnings og frásagnar. Oft hefur manni komið í hug að aðeins hið neikvæða, afbakaða, misheppnaða, hneykslanlega, fáránlega eða ljóta komist þar að. Auðvitað er þetta ekki svo, en áherslan á minna jákvæðar fréttir er á köflum yfirþyrmandi. Allt þetta kom mér til hugar þegar umræðan um rýmkuð á lögum um sölu áfengis og tóbaks var til umræðu í haust í kjölfar frumvarps sem lagt var fram á Alþingi. Nokkrir „frelsisunnandi“ þingmenn lögðu fram frumvarpið, og heilbrigðisráðherra sá ástæðu til að lýsa yfir stuðningi við það. Hvort tveggja svo sérstakt að fjölmiðlar sáu ástæðu til að fjalla um það. Minni umfjöllun fengu svo ályktanir og ummæli nokkurra einstaklinga og félagasamtaka sem lögðust gegn frumvarpinu. Og hverjar eru þá góðu fréttirnar?



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

eitthvert besta tæki sem samfélög hafa til að stemma stigu við drykkju, þ.m.t. drykkju ungmenna.

Bæjarstjórn Kópavogs hafði kjark til að leggja gegn frumvarpinu, en líklega voru það af góðar fréttir til að fjölmiðlar gætu sagt frá því.

Höfundur er læknir og bæjarfulltrúi VG í Kópavogi.

Hitablásarar

Rafmagns-, olíu- og gasblásarar. Fjöldi tegunda. Hagstætt verð.



MURBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Opíð
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16

www.murbudin.is

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is

Ekki benda á mig

UMRÆÐAN

Staða fjármálaráðherra

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hefur mikið verið í þjóðfélagsumræðunni að undanförunu vegna ýmissa mála. Heitasta málið sem hvílt hefur í fangi hans síðustu daga og vikur er umdeild skipan hans sem setts dómsmálaráðherra í embætti héraðsdómara í norðaustur-umdæmi. Hann hefur átt í deilum við dómnefnd sem skilaði honum mati á hæfni umsækjenda um embættið. Þjóðin þekkir málið og út af fyrir sig er ekki þörf á að rekja það hér í smáatriðum. Hitt er annað að í viðtali við hann í Kastljósi Sjónvörpsins fyrir nokkrum dögum varð honum illilega fótastortur. Þegar hann var spurður um það hvort þetta mál leiddi ekki til þess að draga úr trausti almennings á dómkerfinu, þá brást hann við eitthvað á þá leið að ekki ætti að benda á hann, dómnefndin bæri þá ábyrgð af því að hún leyfði sér að koma fram opinberlega með athugasemdir við skipan hans. Þessi viðbrögð sýna það sem allir eiga að vita að ekki má gagnrýna sjálfstæðismenn á þennan hátt. Síðan bætti hann við að dómnefndin hefði gert mistök og að hún kynni ekki þær reglur sem hún á að vinna eftir!

Ekki benda á mig... aftur!

Fjármálaráðherrann sagði aftur ekki benda á mig, þegar umræða fór fram um efnahagsmál á

Alþingi sl. fimmtudag. Í umræðunni gagnrýndi greinarhöfundur ríkisstjórnina fyrir lausatök og aðhaldsleysi í ríkisfjármálum. Því til rökstuðnings var bent á að útgjaldaliður fjárlaga ársins 2008 væri hátt í 20% hærrí en í fjárlögum ársins 2007. Var minnt á að í viðtölum við fjölmiðla í desember sl. hefði fjármálaráðherra sagt að mikið aðhald væri í ríkisfjármálum og hann rökstuddi það með miklum tekjuafgangi fjárlaga. Greinarhöfundur lýsti þeirri skoðun sinni að tekjuafgangur fjárlaga væri ekki réttur mælikvarði á aðhald í ríkis-



MAGNÚS STEFÁNSSON

fjármálum, þróun ríkisútgjalda væri hinn rétti mælikvarði.

Ábyrgðarlaus ráðherra

Ekki benda á mig, efnahagsþróun síðustu mánaða er fyrrverandi félagsmálaráðherra að kenna vegna þess að hann hækkaði lánschlutfall íbúðalána íbúðalánasjóðs fyrir tæpu ári síðan. Sú breyting hafi haft mest áhrif til neikvæðrar þróunar í efnahagsmálum. Þetta var útspil fjármálaráðherra í umræðunni á Alþingi, sem sagt hann ber enga ábyrgð. Var ekki þessi sami fjármálaráðherra í ríkisstjórn á þeim tíma sem hann

vitnar til? Jú, núverandi fjármálaráðherra var einnig fjármálaráðherra í ríkisstjórn þegar lánschlutfalli íbúðalána var breytt fyrir tæpu ári síðan, en hann ber að sjálfsögðu enga ábyrgð! Hitt er annað að það er langsótt að halda því fram að breytt lánschlutfall íbúðalána hafi haft þau afgerandi áhrif á þróun efnahagsmála sem haldið er fram. Sú umræða er hluti af öðru máli sem snýr að tilvist íbúðalánasjóðs.

Þessi tvö dæmi sýna að fjármálaráðherrann er ekki á réttu spori. Ráðherra getur ekki leyft sér að ganga fram með þessum hætti, segjast bera ábyrgð á hinu og þessu en þegar hlutir eru gagnrýndir þá er ábyrgðin engin, ekki benda á mig, þetta er öðrum

að kenna! Slík framganga er misheppnuð tilraun til að beita alkunni smjörklúpuáferð.

Fjármálaráðherra taki sig taki

Ég hef ágæta reynslu af samstarfi við núverandi fjármálaráðherra og mér er hlýtt til hans. Í mestu vinsemi bendi ég honum á að taka sér tak og koma með ábyrgari hætti fram í umræðum um erfið og umdeild mál. Ráðherrar verða að geta mætt gagnrýni á þeirra störf, rætt hana með málefnalegum hætti og axlað ábyrgð. Það gengur ekki að segja ekki benda á mig, þetta var öðrum að kenna.

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Gamli, góði Laugavegur

Hróbjartur Örn Guðmundsson kennari skrifar:


Við Íslendingar erum sem betur fer farnir að átta okkur á því að við eigum ekki mörg hús eftir frá 19. öld og okkur ber að vernda þau. Laugavegur 4-6 er dæmi um þetta. Að sjálfsögðu hefði átt að vera búið að fríða þessi hús fyrir löngu. Hér virðist vanta alveg heildstæða stefnu í húsfriðunarmálum og reglur um hvernig megi byggja í gömlum hverfum. Eg er ekki að segja að það megi ekki byggja nýtt en fer ekki best á því að gera það í nýjum hverfum úr því að arkitektum gengur í flestum tilfellum svona illa að samræma nýtt og gamalt? Eða er ástæðan hugsanlega sú að verktakar hafi haft nánast frjálssar hendur um það hvernig uppbygging Laugavegar hefur verið. Þeir sem versla við Laugavegin eru helst þeir sem ekki kunna vel við sig í nýtiskulegum verslunarmiðstöðvum og ferðamenn sem kunna vel að meta gömlu húsin í miðbænum. Með því að gera upp gömlu húsin við Laugaveg höldum við í fjölbreytni í mannlífi, verslun og viðskiptum.

Krafa um afsögn

Jón Viðar Gunnarsson kerfisforritari skrifar:

Ráðning setts dómsmálaráðherra í embætti héraðsdómara við héraðsdóm Norðurlands eystra og Austurlands og yfirklor það sem í kjölfarið fylgdi af ráðherrans hálfu er dropi sem fyllir mælinn í embættisfærslu núverandi fjármálaráðherra. Það er alveg ljóst að Árni mun ekki af eigin hvötum segja af sér ráðherradómi og því er krafan sú að forsætisráðherra skipti honum út. Að ráðast að dómstólum landsins með pólitískri geðþóttaákvörðun sem öllum er ljóst að ráðning Þorsteins er, eru slík afglöp að honum á ekki að vera vært í embætti. Þorsteinn Davíðsson á að afþakka þessa stöðu og verða maður að meiri fyrir vikið. Þorsteinn er sagður maður þrúður og góðum gáfum gæddur af þeim sem til hans þekkjast og því er það bón mín til hans að hann noti þær gáfur af samviskusemi og réttisýni til að taka rétta ákvörðun og ganga frá borði á skútunni sem hann hefur þegið pláss á. Þjóðin vill ekki meira af illa lyktandi spillingaröflum og krefst þess að aðskilnaður framkvæmdavalds og dómvalds sé virtur.

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ



Hvert viltu fara?

Manchester

á 15% afslætti í dag*

Ferðadagar
Icelandair
og Hagkaupa

frá 17.-27. jan.

5. dagur – 5. útkall
Manchester á Hagkaupsverði
Kauptu miða á www.icelandair.is
í dag og aðeins í dag.

50 FERÐAVINNINGAR
Allir kassastrimlar eru happdrættis-
miðar. Neðst á strimlinum er 7 stafa
númer. Þú ferð inn á www.icelandair.is
og slærð þar inn númerið og færð
samstundis svar við því hvort þú hafir
dottið í lukkupottinn.

Hafið sætisólarnar spenntar
Við kynnum 24 spennandi áfangastaði
Icelandair árið 2008, helgarferðir,
sumarævintýri og sérferðir.
Nýr ferðabæklingur Icelandair,
Mín borg, liggur frammi í öllum
verslunum Hagkaupa.

Þetta er verslunarstjórinn sem talar
Full búð af spennandi Duty Free
tilboðum. Duty Free tilboð á sælgæti
og fleiru.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is

HAGKAUP
Ein færð betra verð

* Í dag, 21. janúar, bjóðum við 15% afslátt af öllum fargjöldum á Best Price og Economy fargjaldaflokkum til Manchester. Ferðatímabil er til og með 31. desember 2008.



WWW.ICELANDAIR.IS



F100/81A

Verð frá
2.995.000 kr.
BEINSKIPTUR

163 HESTAFLA VÉL - DREGUR 2500KG - 32 TOMMU DEKK - DRÁTTARBEISLI
HEITKLÆÐNING Á PALLI - STÖÐULEIKASTÝRING - SPÓLVARNARSTÝRING



ENN FLEIRI HESTÖFL



Nú er enn meiri kraftur í L200

Hinn fráþæri pallbíll L-200 er nú fánlegur enn kraftmeiri og skilar þér 163 hestöflum og fráþærum aksturseginnleikum. Þessi straumlínulagaði og vel búni bíll heldur því áfram að setja ný viðmið í þessum flokki bíla. Hann fékk til dæmis hæstu einkunn í flokki pallbíla í nýlegu elgsprófi í Svíþjóð. Prófaðu kraftmeiri L-200 og finndu hvernig hann nýtist þér til allra verka.



SVEINN BJÖRNSSON FORSETI
ANDADIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1952,
SJÓTIU OG EINS ÁRS AÐ ALDRI.

„Vinátta við aðrar þjóðir, orð-
heldni og virðuleg framkoma vor
er besta vörn fyrir sjálfstæði hins
vopnlaus lands vors.“

Sveinn Björnsson var málaflutnings-
maður, þingmaður, sendiherra og
fyrsti forseti Íslands.



tímamót

timamot@frettabladid.is



HÓTEL SAGA Læknadagar hefjast í dag en margir áhugaverðir fyrirlestrar verða í boði út vikuna.

Læknadagar 2008

Læknadagar 2008 verða settir í dag og standa út vikuna. Dagskrá læknadaganna er fjölbreytt en á ýmsum málstofum verða ræddar helstu framfarir og þróun í heilbrigðismálum auk þess sem málefni líðandi stundar er snerta skipulag heilbrigðismála ber á góma.

Læknadagar verða á Hótel Sögu en Birgir Jakobsson, forstjóri Karolinska Sjúkhuset í Stokkhólmi, heldur erindi við setningu Læknadaga klukkan 16.00 í Háskólabíói í dag.

Meðal dagskrárlíða verða:

Málstofa um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu með þátttöku heilbrigðisráðherra. Viðbrögðin við fellibylnum Katarínu Háfjallalæknisfræði Hjartaendurhæfing Lífurbólga C Bólusetningar við HPV – leghálskrabbameini. Sprautufíkn á Íslandi. Athyglisbrestur með ofvirkni hjá fullorðnum Heimaþjónusta aldraðra Nánari dagskrá er að finna í gegnum vef Læknafélags Íslands www.lis.is



PATREKSFJÖRÐUR Íbúar Vesturbyggðar hafa tekið vel í heilsuáskorunina.

Heilsuáttak í Vesturbyggð

Íbúar Vesturbyggðar hafa brugðist vel við áskorun um bætt líferni. Lesa má áskorunina á fréttavef Tíðis á www.patreksfjordur.is. Þar er skorað á íbúana í heilsuáttak og verðlaunum lofað fyrir góðan árangur. Keppt er í tveimur flokkum, annars vegar „Hver léttist mest?“ og hins vegar „Hver mætir best?“

Átakið stendur í átta vikur í Íþróttamiðstöð Bröttuhlíðar. Fyrstu verðlaun í hverjum flokki eru helgarferð fyrir tvo til Reykjavíkur með flugfélaginu Erni, ásamt gistingu á Grand Hótel með

morgunverði í tvær nætur og 40 tíma kort í Íþróttamiðstöðina Bröttuhlíð.

Átakið hófst af fullum krafti á mánudaginn síðasta en samkvæmt fréttavefnum www.bb.is höfðu þá á fjórða tug skráð sig í heilsuáttakið. Þetta þykir góður árangur en allir íbúar yfir 18 ára voru hvattir til að taka þátt. Átakið verður þó ekki aðeins það því að fjórum viknum liðnum verður nuddari fenginn á staðinn til að nudda þátttakendur en Sparisjóður Vestfirðinga, Patreksfirði, niðurgreiðir nuddtímana.

ÞETTA GERÐIST: 21. JANÚAR 1940

Einar Benediktsson andast

Pennan dag fyrir 68 árum lést skáldið Einar Benediktsson á heimili sínu í Herdísarvík, þá 75 ára að aldri.

Faðir Einars var Benedikt Sveinsson, alþingismaður og sýslumaður, og móðir hans hét Katrín Einarsdóttir og var húsmóðir. Einar gekk í Lærða skólann í Reykjavík þar sem hann útskrifaðist árið 1884. Því næst nam hann lögfræði og útskrifaðist úr Hafnarháskóla 1892.

Einar var athafnasamur maður alla tíð. Stofnaði fyrsta dagblað Íslands, Dagskrá, árið 1896, sem studdi Heima-stjórnarflokkinn. Hann átti þátt í að koma á laggirnar fyrstu loftskreyttastöð landsins árið 1906 og stofnaði ásamt öðrum Fossafélagið Titan 1914 til athugunar á því hvort arðbært væri að byggja virkjanir við Þjórsá. Ekkert varð



úr þeim fyrirætlanum fyrr en um hálfri öld seinna þegar Búrfellsvirkjun var byggð.

Á árunum 1907-21 ferðaðist Einar mikið erlendis, meðal annars til Norðs, Skotlands og Danmerkur auk þess að eyða sjö árum í London. Hann sneri endanlega aftur heim til Íslands árið 1921 og bjó í Reykjavík næstu árin, þó svo að hann hefði oft verið langdvölum erlendis, meðal annars í Þýskalandi, á Spáni og í Norður-Afríku. Þá lét hann fara fram rannsóknir á námum í Miðdal, til þess að skoða möguleikana á málmvinnslu og sementsframleiðslu. Síðustu átta árum ævi sinnar eyddi Einar í Herdísarvík í Selvogi í Árnessýslu. Hann dó þar 1940, og var grafinn í heiðursgrafreit á Þingvöllum.

MERKISATBURÐIR

- 1925 Albanía lýsir yfir sjálfstæði.
- 1925 Mestu flóð og fárviðri í eina öld á Íslandi, einkum í Reykjavík, Grindavík og á Eyrbakka.
- 1932 Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis stofnaður.
- 1976 Atli Heimir Sveinsson hlýtur norrænu tónlistarverðlaunin, fyrstur Íslendinga.
- 1977 - Jimmy Carter, forseti Bandaríkjanna, náðar nær alla bandaríska liðhlaupa úr Vietnamstríðinu.
- 1982 Belgiski togarinn Pelagus strandar við Heimaey. Tveir björgunarmenn og tveir úr áhöfn fórust.
- 1989 Spaugstofan hefur göngu sína í sjónvarpi með þættinum 89 af stöðinni.

ALLIRMED.IS: NÝR VEFUR UM FJÖLMENNINGARLEGT STARF Á LEIKSKÓLA

Hugmyndir og hagnýt ráð um samskipti, virðingu og leiki

„Parna eru fjölbreytt verkefni og uppskriftir að leikjum sem miða að því að rækta umburðarlyndi í samskiptum,“ segir Fríða Bjarney Jónsdóttir leikskólaráðgjafi. Hún er höfundur efnis á nýjum vef Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar ásamt Önnu Margréti Þorlákssdóttur aðstoðarleikskólalæstjóra á Lækjarborg. Vefurinn hefur slóðina www.allirmed.is og snýst um hvernig skipuleggja megi fjölmennarlegt leikskólastarf þannig að öll börn hafi gagn af því og gaman. „Vefurinn getur vissulega nýst hvar sem er. Þar eru endalaugar hugmyndir að skemmtilegum samskiptum og skapandi verkefnum þar sem fjölbreytt er höfð að leiðarljósi,“ segir Fríða Bjarney og lýsir tilurð vefsins nánar.

„Við Anna Margrét vorum í fjölmenningsnámi í Kennaraháskólanum og efnið varð að nokkru leyti til þar. Margt af því þjuggum við til sjálfar og þróuðum í tilraunaverkefni sem hét Lækjarborg – fjölmennarlegt leikskóli. Grunnurinn er þó sóttur í smíðju fjölmenningslegrar hugmyndafræði sem er að stórum hluta bresk og bandarísk. Þó að við Anna Margrét séum höfundar efnis hefur Sigrún Björnsdóttir, upplýsingafulltrúi mennta- og leikskólasviðs borgarinnar, haft umsjón með uppsetningu á vefnum.“

Á allirmed.is eru mörg verkefni sem stuðla að virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins, eins og Fríða Bjarney bendir á. „Parna er fullt af hugmyndum um samskipti og samvinnu innan leikskólans, um hvernig á að koma fram af virðingu við alla og læra að kynna styrkleika hver annars. Líka hvernig unnið er með mótur-mál og menningu allra barna í hópnum og kennslu íslensku sem annars máls. Allt þarf að vera einstaklingsmiðað og allt þarf að vinnast í samvinnu við foreldra því þeir þekkja barnið sitt best.“

Fríða Bjarney segir efnið fyrst og fremst hugsað út frá þörfum leikskólans. Það sé þó sett upp sem hugmyndir og því gagnist það líka þeim sem eldri séu. „Við settum inn verkefni fyrir hópa óháð því hvort þar eru börn af erlendum uppruna eða ekki. Þetta eru kennarar auðvitað að fást við alla daga.



Á LÆKJARBORG Anna Margrét og Fríða Bjarney í góðum félagsskap.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Þeir eru alltaf með ólíka einstaklinga,“ segir hún en telur skiljanlegt að kennurum vaxi í augum að fá börn í sinn bekk sem ekki tali orð í íslensku. „Auðvitað er flóki að vera með börn af ólíkum uppruna en það er áskorun. Því er mjög tímabært að koma með þetta efni inn á netið því lítið hefur verið

til á íslensku um hvernig hægt er að vinna með fjölbreyttan barnahóp á leikskólastigi. Skemmtilegt er að sýna fram á að sú vinna er eitthvað sem við getum gert alla daga, alltaf. Það getur verið krefjandi en það er ekki vandamál heldur eðlilegur gangur lífsins.“

gun@frettabladid.is

Nordjobb-tímabilið hafið

Fjölmargir ungir Íslendingar hafa undanfarin ár nýtt sér Nordjobb-verkefnið á vegum Norræna félagsins. Þar geta ungmenni notið sumarsins í einu af Norðurlöndunum, unnið sér inn tekjur við hin ýmsu störf um leið og þau kynna annarri menningu, landi og tungumáli.

Nordjobb er vinnuskiptaverkefni sem hefur frá árinu 1985 útvegað 18.000 ungmennum sumarvinnu, húsnæði og tómstundadagskrá ásamt því að stuðla að ræktun góðrar frændsemi hjá nágrannaþjóðunum. Nú er lag að sækja um Nordjobb ef þú ert á aldrinum 18-28 ára og hefur áhuga á sumarvinnu á Norðurlöndum.

Nordjobb er rekið af Norræna félaginu á Íslandi að tilstuðlan Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Hægt er að sækja um Nordjobb á www.nordjobb.net.



KAUPMANNAHÖFN Í Nordjobb-verkefninu má kynna menningu hinna Norðurlandanna.

AFMÆLI



Arnar Jónsson
leikari er 65 ára
í dag.



Aldís Baldvinsdóttir
leikkona er 49
ára í dag.



Gunnhildur Arna
Gunnarsdóttir
blaðamaður er 32
ára í dag.

Sjónvörp, myndlykla og önnur heimilistæki ætti alltaf að taka úr sambandi áður en farið er að sofa til þess að draga úr eldhættu. Þeim sem finnst of mikið mál að taka allt úr sambandi geta fengið fjöltengi með rofa og þá á að vera nóg að slökkva á honum.



Myndarammar fást nú á hálfvirði í Rúmfatalagernum og alveg tilvalið að fjárfesta í nokkrum, fara í gegnum fjölskyldumyndirnar og velja þær bestu úr og skreyta svo veggina með sínum nánustu. Það er nefnilega eitt-hvað svo heimilislegt við það.



Púðar í einhverjum fallegum litum í sófanum og nýjar gardínur í stíl geta gjörbreytt stofunni. Skemmtilegt sturtuhengi og gólfmotta geta gert það sama fyrir baðherbergið. Oft þarf mjög lítið til þess að breyta heildarmyndinni og gera allt eins og nýtt.

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Útsala !!

Áklæði - Slip cover til sölu og leigu, rúmteppi, brúðarvörur, skreytingar og margt fleira !!



Sófalist, Garðatorgi, Garðabæ s. 553 0444, www.sofalist.is



Það er algeng sjón að sjá Drífu í uppáhaldshorninu sínu með kaffibolla í hendi og fartölvuna á sófanum. Þegar börnin eru á leikskóla og maðurinn í vinnu situr Drífa önnum kafin við lærdóminn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

HÚSGAGNA LAGERSALA

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsbord
- Rúmgaflar

**ALLTAF BESTA
VERÐIÐ**

Verðdæmi:

Leðursófasett áður 239,000 kr

Nú **119,900** kr

Hornsófar tau áður 198,000 kr

Nú **103,000** kr

Hornsófar leður áður 249,000 kr

Nú frá **159,000** kr

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

Einskonar nafli heimilisins

Ósjaldan er sófinn uppáhaldsstaðurinn á heimilinu en hjá Drífu Bjarnadóttur vill öll fjölskyldan eyða megninu af tíma sínum þar.

„Sófinn rúmar alla fjölskylduna en við erum fimm í heimili. Hann er afskaplega notalegur og maður getur legið í honum hvernig sem er – á bakinu, maganum og svo framvegis. Hann er með tungu og skemli þannig að hægt er að gera hann nánast að tvíbreiðu rúmi og því er gott að hrúgast þarna öll saman,“ segir Drífa kímín.

Auk þess að hugsa um þrjú börn þar sem hið elsta er fimm ára þá er Drífa í diplómanámi í fiskeldi við Háskólann á Hólum og vinnur að rannsóknarverkefni á hnúfubökum við Háskóla Íslands. „Ég sit eiginlega aldrei við skrifborð, ég sit alltaf í sófanum. Þegar ég er í prófum þá legg ég hann undir mig og þá getur enginn setið í

honum nema ég,“ útskýrir Drífa hlæjandi.

Sófinn góði var keyptur í Húsgagnahöllinni fyrir tæpu ári og hefur reynst vel. „Við vorum búin að leita lengi að sófa á hagstæðu verði og það sem gerði útslagið er að það er hægt að taka utan af honum áklæðið og þvo en það er afar hentugt þegar maður er með þrjú börn. Svo er áklæðið yrjött þannig að óhreinindin sjást ekki eins vel,“ segir Drífa glettin.

Drífa er ekki ein um að eiga í ástarsambandi við sófann því aðrir fjölskyldumeðlimir njóta þess að hreiðra um sig þar við ýmis tækifæri. „Stelpurnar leika sér ekki inni í herbergi heldur ná þær í dótið og koma með það fram í sófa þannig að þarna hangir öll fjölskyldan saman. Þetta er aðalsamkomustaðurinn,“ segir Drífa og bætir við að það sé kostur að sófinn er ekki mjög hár og með mjúkum hornum þannig að litlu králin slasa sig síður þegar hamast er í honum. hrefna@frettabladid.is



Matreiðslunámskeið

Heimsreisa bragðlaukana

kynnist framandi kryddum og lærið að matreiða holla og ljúffenga grænmetisrétti á einfaldan máta.

Staður: Hússtjórnarskóli Reykjavíkur

Eins dags námskeið

Dagana: 26 janúar, 2 febrúar, 9 febrúar 16 febrúar.

Tími: Kl 10-15.

Nánari upplýsingar á modirnatura.is og í síma 862-8296.

Kennarar: Valentína Björnsdóttir og Karl Eiríksson.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Markaðurinn alla daga

vísir
Fyrstur með fréttirnar!



Marretti



Hágæða ítölsk vara

Gler eða harðviðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða pólerað.

B. Haraldsson

s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is

Viðráðanlegt verð á öllum verkum

Á VEFSÍÐUNNI 20X200.COM MÁ FINNA FLOTTAR EFTIRPRENTANIR Á GÓÐU VERÐI.

Jen Bekman stofnaði vefsíðuna 20x200 en hún er meðal annars þekkt fyrir að hafa

opnað gallerí í neðri austurluta New York með það að markmiði að styðja við bakíð á ungum og upprennandi listamönnum. Tvö ný verk eru kynnt í hverri viku á síðunni, annars vegar ljósmynd og hins vegar eftirprentun á pappír og fáanleg í þremur stærðum. Minnsta stærðin er prentuð í 200 eintökum og kostar myndirnar minnst 20 dollara. Af því dregur vefsíðan heiti sitt. Nánar á 20x200.com. - sgi



Spilandi snyrtiborð

Arndís Hrönn Egilsdóttir leikkona á glæsilegan nútíðu aldar spegil sem henni áskotnaðist á námsárunum í Frakklandi.

„Vinkona mín, Hrafnhildur, átti þennan spegil en hún keypti hann á flóamarkaði í París,“ segir Arndís um spegilinn, sem margt bendir til að hafi upphaflega verið áfastur snyrtiborði, þótt ekki sé vitað um afdrif þess. Spegilinn fékk hún síðan að gjöf frá vinkonunni þegar sú flutti frá París, en Arndís átti heima í sex ár í Frakklandi. Fyrst í Sorbonne á meðan hún lagði stund á leikhúsfraeði og svo í L'École du Passage í París þar sem hún lærði leiklist.

Spegillinn hafði nokkrum sinnum skipt um eigendur áður en hann endaði hjá Arndísi, en einhver þeirra hafði fengið þá snilldarhugmynd að mála hana í apríkósulit sem vakti ekki beint lukku hjá leikkonunni verðandi. „Þetta var alveg hryllilegur litur,“ rifjar Arndís upp með viðbjóði. „Enda málaði ég hann upp á nýtt; í gylltu sem var þá í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég var með æði fyrir að mála allt gullitað á þessum tíma.“

Sem fyrr sagði hefur leikkonan ekki sagt skilið við spegilinn eftir það, en hann hefur fylgt henni öll hennar búskapsár. Vítt og breitt um Parísarborg og svo á milli landa þegar Arndís flutti aftur heim til



Arndís við spegilinn góða. Leikkonan hefur vakið athygli fyrir leik í þáttunum Pressu á Stöð 2, þar sem hún þykir sannfærandi í hlutverki blaðamannsins Stínu. Þá fer Arndís með hlutverk í Hér og nú, sem hún lýsir sem nútímarevíu, þar sem slúðurtimarit, bloggsgíður og raunveruleikabættir eru hafðir að fyrirmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÖR ÁRNASON

Íslands eftir nám. Og aldrei kom neitt fyrir spegilinn, þótt hann sé bæði fyrirferðarmikill og þungur.

Í dag trónir spegilinn síðan ofan á orgeli sem er í eigu unnusta Arndísar, Eiríks Stephensen, sem gerði það upp og málaði í grænum lit.

„Þetta er eiginlega spilandi snyrtiborð. Eiríkur spilar á orgelið meðan ég dáist að mér í speglinum og syng kannski með. Þannig eyðum við gjarnan síðdegini saman,“ segir hún kaldhæðnislega og hlær.

roald@frettabladid.is

Tré **Stál**

STIGAR

Einnig: Innihurðir, Harmonikkuhurðir, Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti, Gólflistar og margt fleira

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Vönduð vara og hagstætt verð.....

Ryðfrítt

Gler

FLÍSAÚTSALA

20-70% afsláttur

VÍDD EHF

Bæjarlind 4, Kópavogi
og Njarðarnesi 9, Akureyri



Áklæðning og álundirkefi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í fjölda lita



Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



fasteignir

21. JANÚAR 2008



Boas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is



Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggitur
fasteignasali



Verðmetum **FRÍTT** fyrir þig!
Hringdu núna 699 6165

Kvistavellir 34-40, 221 Hafnarfjörður



Kvistavellir 34-40 er fjögurra íbúða raðhúsalengja á tveimur hæðum ásamt bílskúrum. Húsin verða steinsteypt á hefðbundinn hátt. Stærð húsans er 172,5 m². Húsin skiptast í forstofu með gestasnyrtingu, eldhús, hol, borðstofu og stofu. Úr stofu er gengið út í garð. Af neðri hæð er gengið upp steyptan stiga upp á efri hæð. Efri hæð skiptist í þrjú herbergi, stórt og rúmgott bað og þvottahús. Einnig eru svalir á efri hæð.



Inn af bílskúr er geymsla og þaðan er útgengt út í garð.

Lögn fyrir gólfhitakerfi verður steypit í gólfplötu neðri hæðar og gólf neðri hæðar verða tilbúin undir gólfefni. Á efri hæð verður ofnakerfi og verða gólf tilbúin undir gólfefni.

Verð frá aðeins 36.700.000

- Stærð 172,5 fm
- 2 baðherbergi
- Stór bílskúr
- 2 hæðir
- Gólfisóðir gluggar á neðri hæð

699 6165



Íbúðin er á þriðju hæð í þessu stæðilega húsi við Laugaveg.


Slakað á í stórum þakgarði með heitum potti

Fasteignasalan Stakfell hefur til sölu fallega hundrað fermetra íbúð á þriðju hæð við Laugaveg.

Íbúðin er 101,3 fermetrar að stærð á þriðju hæð við Laugaveg 40a. Hún skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús og tvö svefnherbergi. Um sjö fermetra sérgeymsla fylgir íbúðinni og er inni í heildarfermetrafjölda. Sameiginlegt þvottahús er í húsinu auk þess sem einstakur 65 fermetra þakgarður fylgir íbúðinni en hann snýr til suðurs og í honum er heitur pottur.

Fallegt eikarparket er á allri íbúðinni nema í forstofu þar sem eru flisar. Meðfram veggjum eru fallegir hvítlakkaðir gólflistar. Mikil lofhæð er í íbúðinni en í loftinu eru fallegir skrautlistar sem gefa íbúðinni mikinn karakter. Stór og rúmgóð stofa snýr að Laugavegi. Eldhúsinnréttingin er blönduð með hnotu og hvítlökkuðum hurðum. Út frá eldhúsi er hurð sem snýr að þakgarðinum. Herbergin tvö eru stór með góðu skáapláss. Annað snýr að Laugavegi og hitt að þakgarði. Baðherbergi er flísalagt og er með baðkari og stórrí handlaug.

Eignin er öll nýlega endurnýjuð og sameign er falleg og snyrtileg.



Finndu þér stað

Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ
AÐEINS
4,7%

Miðað við myntkórfa 4,
Libor-vextir 10.1.2008.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lág múla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.



FRAMÚRSKARANDI **SÖLUFULLTRÚAR**FRAMÚRSKARANDI **ÁRANGUR**

VELDU **FRAMÚRSKARANDI** ÞJÓNUSTU FYRIR **ÞIG** OG **ÞÍNA** FASTEIGN

RE/MAX
Þing

- ▶ Eignin þín fær athygli
- ▶ Þú færð persónulega þjónustu
- ▶ Við sýnum eignina fyrir þig
- ▶ Traust og örugg þjónusta

**FRÍTT VERÐMAT
HRINGDU NÚNA!!!**


Óli Gíslí
Sölufulltrúi
oligisli@remax.is
822 8283



Hrönn
Sölufulltrúi
hronn@remax.is
692 3344



Berggrún Brá
Sölufulltrúi
bergrunbra@remax.is
698 7352



Garðar
Sölufulltrúi
gs@remax.is
893 0082



Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX Þing • Háholt 13-15 • 270 Mosfellsbær • Sími: 412 3300



Danfoss ofnhitastillar

Hápróuð og notendavæn
hitastýring sem veitir
þægilega húshitun og
hámarks orkusparnað

Við erum leiðandi í
framleiðslu ofnhitastilla

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

220 Hafnarfjörður: Tvær íbúðir í einu húsi

Hringbraut 50: Þrefaldur bílskúr

Fasteignasalan Ás hefur til sölu vel viðhaldið 316,2 fermetra einbýli/tvíbýli á þremur hæðum ásamt 90,3 fm þreföldum bílskúr, samtals 406,5 fm á frábærum útsýnisstað í hjarta Hafnarfjarðar.

Lýsing: Húsið skiptist niður í 199,7 fm sérhæð sem er á miðhæð og efri hæð með sérinngangi. Á jarðhæð er 116,5 fm sérhæð með sérinngangi. Mið- og efri hæð: Forstofa með skáp, mósaikflísar á gólfi. Snyrting. Hol með ljósum teppum. Rúmgott eldhús með viðarinnréttingu, flísar á milli skápa, helluborð, ofn og vífta, borðkrókur, dúkaflísar á gólfi. Þrjár rúmgóðar stofur. Arinn, ljós teppi á gólfum, útgengt út í skála úr stofu og út úr honum út á tvennar stórar svalir. Stigi upp úr holi, teppi á stiga, hol með teppum. Þrjú stór svefnherbergi en möguleiki á fjórum. Útgengt er út á tvennar svalir af efri hæð í suður og vestur. Þvottahús með dúk, skápar. Baðherbergi með baðkari með sturtu yfir, mósaik á gólfi, flísar á veggjum. Jarðhæð: Innangengt er niður á jarðhæð af efri hæð. Á jarðhæð er geymsla sem fylgir efri hæð. Þar er einnig íbúð sem tekin hefur verið í gegn nýlega. Forstofa er með ljósum flísum. Hol með parket á gólfi. Eldhús með viðarinnréttingum. Stofa með parket á gólfi. Þrjú svefnherbergi með skápum í einu, parket á gólfum. Baðherbergi með sturtu, þvottahús og geymsla er í íbúð. Hægt er að opna út úr íbúð út í skála og þaðan út á lóð. Bílskúr er fullbúinn með hita og rafmagn og þar er einnig snyrting. Bílplan er hellulagt. Búið er að skipa um allar lagnir á jarðhæð og skolp.



EIGNAMIDLUN

sala fasteigna í 50 ár

Frá 1957

Elstu starfandi fasteignasala landins



Sími: 588 9090 - Síðumúla 21 - www.eignamidlun.is - eignamidlun@eignamidlun.is - Fax: 588 9095



HÁTEIGSVEGUR - STÓR NEDRI SÉRH.



Glæsileg 154,7 fm neðri sérhæð auk 23,1 fm bílskúrs, samtals 177,8 fm. Hæðin skiptist í forstofu, stórt hol, þrjú svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús, búr, þvottahús í íbúð og baðherbergi. Í kjallara eru tvær rúmgóðar geymslur (mögulegt er að útbúa þar herbergi eða opna yfir í bílskúrinn). Bílskúrin er innbyggð með hita og rafmagni. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð á síðustu árum, gólfefni, innréttingar og baðherbergi. Húsið var steypuviðgert og málað árið 2007. **V. 49,6 m.** 7283

SKERJABRAUT - SELTJARNARNESI



Frábær staðsett, 200m2 lager og skrifstofuhúsnæði. Lofthæð 3.2. Uppl. 8980997.

Meðferðarherbergi til leigu Glæsileg aðstaða í heilsuverndarstöðinni, ýmsir leigumöguleikar. Nálastungur Íslands ehf. 458-9400 og 863-0180

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubíll 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaett.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innisgláðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

ATVINNA

Atvinna í boði

Vantar þig vinnu með skóla?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subways.is. Nánari upplýsingar veitir Helga í síma 696-7005. Aldurstakmark er 16 ár.

Söluturninn Jolli Hafnarfirði

Söluturninn Jolli óskar eftir áreiðanlegu og stundvísu fólki í vinnu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð á staðnum.



Aktu Taktu

Aktu Taktu leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktuaktu.is.



Öryggisgæslan ehf.

Óskar eftir starfsfólki til næturstarfa frá 23:00 til 08:00 Starfið felur í sér m.a. þjónustu og gæslu. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 20 ár. Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Krókhálsi 5a Reykjavík. Ópið er frá k.10-16 virka daga.

Þjónustufulltrúi í hlutastarf

Dreifingardeild Posthússins óskar eftir þjónustufulltrúum aðra hverja helgi frá 10-15, og virka daga frá 16-20 eftir samkomulagi. Tilvalin aukavinna fyrir námsmenn. Nánari upplýsingar gefur Dagný Ragnarsdóttir, deildarstjóri dreifingardeildar í síma 585 8330 eða í tölvupósti á dagnyr@posthusid.is



Villtu ganga til liðs við okkur?

Bakameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurverri og Austurverri leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar gefur 897 5470 milli kl. 9-16

NÁMSKEIÐ

Verkstjórnarnámskeið

Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Hvatning og starfsánægja
- Samningatækni
- Valdframsal
- Áætlanagerð
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **100 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næstu námskeið hefjast **11. febrúar** og **10. mars**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.



Það er svo gaman að vera saman!
Einkarekni leikskólinn Korpukot óskar eftir skemmtilegu starfsfólki sem býr yfir færni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði. Við leitum að:
• Leikskólakennurum
• Íþróttakennurum
• Prosakáþálfa
• Myndlistarkennara
• Tónlistarkennara
• Leiðbeinendum
Hafið samband í síma **577 1900**
Korpukot
Fossaleyni 12, Grafarvogi
112 Reykjavík • Sími 577 1900
skrifstofa@korpukot.is

Veitingahús
Starfskraftur óskast í 80% vinnu. 13 dagar frá kl. 12-19, 7 daga frá 7-14. Vaktavinna. Uppl. í s. 843 9950.

Gott starf í boði
Okkur vantar hressan einstakling á kaffihús okkar í Kringlunni. Staðan er laus núna. Nánari upplýsingar gefur Hallveig í síma 770 0555 eða 664 7413.

Cafe Conditori Copenhagen

Veitingahúsið Nings
Óskar eftir að ráða starfsfólki fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Aukavinna í boði ef vill. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á **www.nings.is**



Starfsmaður á plani Select Vesturlandsvegi
Hressandi þjónusta og útivera. Kjörið starf fyrir fólk á besta aldri og þá sem hafa áhuga á bílum. Eigum við að ræða það eitthvað? Unnið er á vöktum mánudaga til sunnudaga frá kl. 11.30 til 23.30, alls 15 daga í mánuði. Nánari upplýsingar gefur Heiðbjört í síma 444 3000 og Elín stöðvarstjóri í síma 587 9730. Umsóknareyðublöð eru á næstu Shell/Select stöð eða á **www.skeljungur.is**.

SMÁAUGLÝSINGAR

Bakarí í Kópavogi
Röskur og áreiðanlegur starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 06.30-13.00 & 13.00-18.30. Uppl. í s. 899 8212.

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa. Helga gefur upplýsingar í síma: 699-5423

Rafvirkjar
Óska eftir rafvirkja til starfa. Rafloft s. 896 2660.

RIZZO PIZZERIA í Kópavogi óskar eftir Vönum Pizzabökurum, Bílstjórum og í afgreiðslu. Nánari upplýs á staðnum eða Helgi í s. 8484613

Spjalldömur.

Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar spjalldömur. Nánari uppl. á **www.raudatorgid.is**. Mjög góðir tekjumöguleikar.

Vantar þig aukavinnu?
Okkur vantar gott fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá 18-22. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Ef þú ert 30+ þá ert þú rétta manneskjan fyrir okkur. Allar nánari upplýsingar í síma 699 0005.

Ertu heimavinnandi? Bókauktgáfa óskar eftir sölumanneskju með aðstöðu heima til símasölu. Uppl. í síma 6996 303

Starfskraftur vantar í kvöldvinnu í afgreiðslu. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 864 7318.

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

Óska eftir íslensku mælandi, duglega heiðarlegu starfsfólki í rætingar. Uppl. í s. 557 2765.

Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. **Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

21 árs kk leitar að vinnu á höfuðborgarsvæði. Flest kemur til greina. S 869-9970

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, bílstjorar, velamenn, raestingafolk o.fl. S.8457158

TILKYNNINGAR

Einkamál

TANTRA
EROTISKA VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIFFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPÍD MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD, 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

ATVINNA

das HRAFNISTA
Hrafnista Reykjavík
Aðhlyning
Starfsfólk óskast í aðhlyningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir. Góð íslenska skilyrði.
Uppl. í síma 585 9529 og á **hrafnista.is**

Rafmagnstaliur

DEMAG
Keðjutaliur og vírataliur
Aflíð nánari upplýsinga hjá
sólumönnum.

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Veltisagir

MAKITA LF1000.
Öflug og lipur veltisög.
Frábært verð.

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlífðarföt

Kuldagalli
Stærðir S - 4XL

Góður vinnufélagi

Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900
www.aw.is

KEVIN JAMES ADAMS SANDLER

I NOW PRONOUNCE YOU
CHUCK AND LARRY

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytib.

SMS LEIKUR

9
HVER VINNUR!

Sendu sms **BTC CLF**
á númerið **1900** og þú gætir unnið!
Vinningar eru DVD myndir, vamingur tengdur myndinni og margt fleira!
Kemur í verslanir 17. janúar!

Hringdu í síma

512 50 60
ef blaðið berst ekki

STUÐ MILLI STRÍÐA Morðingi eða draugur?

VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR ÓTTAST FORYRNJUR FREMUR EN FÓLK



Hryllingsmyndir eru sérlega lífleg og hressandikvikmyndagrein sem orsakað hafa margar ljúfsárar andvökustundir. Fátt er skemmtilegra en að fyllast hæfilegri skelfingu í öruggu umhverfi kvikmyndahússins eða heimilisins, en öllu góðu gamni eru þó einhver takmörk sett og kannast margir við það að hafa séð hryllingsmynd sem fór einfaldlega yfir strikið og olli því líkum ótta að eftirköstin vörðu svo mánuðum og jafnvel árum skipti. Oftast má rekja óttann til ógnarinnar sem yfirvofandi er í myndinni. Hryllingsmyndaógnir má gróflega flokka í tvennt: ógn

af mannlegum toga og ógn af yfirnáttúrulegum toga.

Uppi eru skiptar skoðanir varðandi það hvor ógnin er áhrifameiri á hvíta tjaldinu. Raunsæismenn fara í bíó og skjálfa á beinunum yfir þeim myndum þar sem trylltur morðingi gengur laus og drepur menn og dýr á hrottafenginn hátt. Skelfingin sem slíkar myndir framkalla magnast enn frekar þegar við leiðum hugann að því að okkur berast reglulega fréttir af morðingjum sem vaða uppi í raunheiminum. Allir vita að fréttamiðlar ljúga ekki og því verður ógn kvikmyndarinnar áþreifanleg við þessa tilhugsun. Eftir áhorf á limlestinga- og pyntingamynd forðast raunsæismaðurinn að vera í einrúmi með furðulegu fólki.

Annað fólk er ansi kokhraust og telur sig geta snúið á hvaða morðingja sem er. Raunsæjar hryllingsmyndir bita ekki á harðan skráp þessara ofurhuga, en hugsanlegt er að dularfullar draugamyndir reynist betur. Líklegt verður að teljast að draugar séu ekki til, en ef svo óheppilega færi að maður þyrfti að berjast við einn slíkan upp á líf og dauða eru sama sem engar líkur á því að holdi klæddur vesalingur hafi betur gegn efnislausum andstæðingi. Mannlega morðingja er hægt að punda í klessu með nokkrum vel völdum júðubrögðum, en engin patentlausn er til við draugagangi. Því þótt tilvist drauga þyki heldur ólíkleg er eitt alveg ljóst: draugabanarnir eru ekki til.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2008

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 36.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á tæpum 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjors og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 99.900 staðgr.

Kvöldnám 19:30-22:30 hefst 23. janúar og morgunnám 9:00-12:00 hefst 23. janúar.

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækinnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 60 stnd./40 klst. Verð: 59.900

Kennt má./mi.16:15-19:15 og hefst 23. jan.

Skrifstofubraut



Við bjóðum þér tvær frábærar námsleiðir á skrifstofubraut sem skila þér nauðsynlegri þekkingu til þess að takast á við ný og spennandi verkefni á skrifstofu og í rekstri.

► Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 159.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 229.900

Kvöldnám 19:30-22:30 hefst 23. jan. og morgunnám 9:00-12:00 hefst 22. janúar.

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálföryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýttist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 79.900.

Kvöldnám 19:30-22:30 hefst 23. jan. og morgunnám 9:00-12:00 hefst 22. janúar.

Visual C# forritun



Hnitmiðað og yfirgrípsmikið diplómnám ætlað þeim sem vilja læra forritun með Visual C# .NET frá Microsoft.

Námið spannar flesta þætti hins vinsæla forritunarmáls C# .NET og er góður grunnur að MCP prófgráðu, frekara námi í forritun eða starfsframa við forritun.

Krafist er góðrar ástundunar í náminu og góðrar þekkingar á hugbúnaði og tölvum til þess að þátttakandinn nái árangri.

Frábær kennari með langa reynslu af forritun og kennslu.

Láttu drauminn rætast, lærðu að forrita.

Lengd: 94 stundir/63 klst.

Verð: 139.900, þægileg greiðslukjör

Kennt er þri./fim. kl. 19:30-22:30. Námið hefst 31. janúar.

Tölvuþekking fyrir konur



Þetta einstaka námskeið er ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim konum sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennslu á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Tölvunotkun og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.

Lengd: 60 st./40 klst. Verð: 47.900

Kvöldnám 19:30-22:30 hefst 30. janúar og morgunnám 9:00-12:00 hefst 24. janúar.

Vefhönnun og myndvinnsla



Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15 Verð: 99.900

Kennt þri./fi. 16:15-19:15 og hefst 24. jan.

Verkefnastjórnun



Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærra verkefni.

► Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlaða og stjórnun verkefna.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 89.900

Kennt er á föstudagsmorgnum kl. 9:00-12:00 og hefst námið 1. febrúar.

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitid nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!



TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

> Í METABÆKURNAR

Grey's Anatomy-stjarnan **Katherine Heigl** komst í metabækurnar fyrir hryllingsmyndina *Zyzyk Road*, sem kom út árið 2006. Myndin sú er þó ekki fræg fyrir gæði, heldur hversu lítil gróði var af henni. Hann nam alls þrjátíu dollurum. Það jafngildir tæplega 2.000 íslenskum krónum.



fólk

folk@frettabladid.is

ÁST Í samstarfi við Vестurport

19 jan uppselt
25 jan uppselt
30 jan örfá sæti laus
27 febrúar
28 febrúar

SÓNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Hamarinn tekinn upp í haust

Tökur á nýrri íslenskri sjónvarpsþáttaröð, sem ber nafnið Hamarinn, hefjast að öllum líkindum í haust.

„Þetta er dýr sería. Hún er í fjármögnunarferli ennþá en við erum að vonast til að við náum að loka því dæmi,“ segir framleiðandinn Snorri Þórisson hjá Pegasus. Verkefnið kostar um 150 milljónir, sem kemur kannski ekki á óvart því þættirnir verða fjórir talsins og verður hver þeirra klukkutíma langur.



FORBRYDELSEN Dönsku sakamálaþættirnir hafa notið mikilla vinsælda í Ríkissjónvarpinu.



MARTEINN ÞÓRSSON Leikstjóri Hamarsins verður Marteinn Þórsson og handritshöfundur Sveinbjörn I. Baldvinsson.

Marteinn Þórsson leikstýrir þáttunum eftir handriti Sveinbjörns I. Baldvinssonar. Sveinbjörn er gamall refsmaður í handritaskrifum því á ferilskrá hans eru handrit við kvikmyndirnar *Foxtrot*, *Tár úr steini* og *Sporlaust*, auk þess sem hann tók þátt í handritaskrifum fyrir dönsku sakamálaþættina *Forsvar*.

Hamarinn, sem verður sýndur í Ríkissjónvarpinu, fjallar um lögreglumann sem fer út á land að

rannsaka mál og kemur þá ýmislegt merkilegt í ljós. Tökur fara að mestu fram í Reykjavík og nágrenni en ekki er búið að ráða leikara í verkefnið.

Að sögn Snorra svipar Hamarnum nokkuð til hinnar vinsælu dönsku sakamálaseríu *Forbrydelsen* sem hefur einmitt verið sýnd á RÚV. „Þetta er blanda af rannsókn og persónudrama en það er ekki mikið um byssur,“ segir hann. - fb

VOLVO S40. BARA FYRIR VISTHÆFT FÓLK.

Nýr Volvo S40

Komdu í Brimborg í dag



Hönnun Volvo S40 er dæmi um fallega stærðfræði. Fegurðin kristallar þau lífsgæði sem hönnuðir Volvo hafa að leiðarljósi. Þjú kjörorð endurspeglar þá velferð sem Volvo stefnir að: Gæði. Öryggi. Umhverfi. Stuðlaðu að eigin velferð. Veldu vishæfan bil fyrir þig og þína. Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

Vishæfustu Volvo S40*:

Volvo S40, dísil 109 hö, 1,6 lítra, CO2 129 g/km, eyðsla 4,9 l/100km, verð frá 2.925.000 kr.

Volvo S40 FlexiFuel (lífetanol E85 eða bensín), 125 hö, 1,8 lítra, CO2 (E85) 80% minni losun koltvísýrings, eyðsla (E85) 10,4 l/100 km, verð enn óákveðið.

Volvo S40, bensín 100 hö, 1,6 lítra, CO2 171 g/km, eyðsla 7,2 l/100km, verð frá 2.695.000 kr.

Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.


vishæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað



KANNAST EKKI VIÐ BARNIÐ Pete Doherty segist ekki þekkja neina Lauru McLaughlin. Hún kveðst ganga með barn hans. NORDICPHOTOS/GETTY

Pete að verða pabbi

Laura McLaughlin, tuttugu ára guðdóttir Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóra Manchester United, segist ganga með barn Pete Doherty. Þau eru þó ekki saman, því Doherty hefur upp á síðkastið ítrekað verið orðaður við nítján ára gamla fyrirsætu, Portiu Freeman að nafni.

McLaughlin segir í viðtali við News of the World að Pete viti af barninu, en að þau talist bara við í síma. Doherty hefur neitað þessu, og segir í gegnum talsmann sinn að hann þekki enga Lauru McLaughlin. Hann á fyrir soninn Astile, fjögurra ára, með Lisu Moorish.

Þekkir flesta með nafni

Sjoppum fækkar ört á Íslandi. Hver af öðrum gefast sjoppueigendur upp fyrir harðri samkeppni klukkubúða og bensinstöðva. Sjoppur sem enn hafa opið berjast með því að víkka starfssvið sitt, eru með videóleigu og grill. Í Hjartarbúð á Suðurlandsbraut ræður Ólafur Oddgeir Sigurðsson ríkjum og hefur gert í ellefu ár.

„Já, það hafa mjög margar sjoppur hætt á síðustu tíu til fimmtán árum,“ segir Ólafur. „Það er orðið allt annað landslag í verslunarrekstri. Það sem hefur bjargað mér er að ég hef staðið vaktina sjálfur. Ég opna klukkan átta og hef opið til sjö, og ellefu til fjögur á laugardögum. Mér sýnist að sjoppur fari fljótlega á hausinn ef eigendurnir vinna ekki í þeim. Með því að vinna hér sjálfur hefur mér tekist að halda verðinu niðri. Verðið hér er ekkert sjoppuverð, meira eins og hjá kaupmanninum á horninu.“

Ólafur segist ekki ætla að bæta videóleigu við reksturinn – „enda skilst mér að það sé deyjandi fyrirbæri,“ segir hann. „Ég er með lottó sem trekkir og samlokur. Það var meira um rennandi traffík einu sinni. Nú



EINN FÁRRA SJOPPUEIGENDA SEM EFTIR ERU Ólafur Oddgeir Sigurðsson stendur vaktina í Hjartarbúð á Suðurlandsbraut. Hann segir að sjoppur fari fljótlega á hausinn ef eigendurnir vinna ekki sjálfir í þeim.

verslunarrekstri hlær hann og segir: „Ég held nú að Baugur þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur. Það er ekki yfirtökutilboð á leiðinni frá mér.“ - gth

staldra margir lengur við, lesa blöðin og fá sér kaffi. Ég býð upp á ókeypis kaffi allan daginn. Kúnnarnir eru sirka 90 prósent fólk sem vinnur hér í fyrirtækjunum í kring. Maður þekkir flesta með nafni, þetta eru allt orðnir vinir manns. Það má eiginlega segja að ég sé í þessu ánægjunnar vegna.“

Sjoppueigandinn Ólafur lítur á sig sem verslunarmann. „Ég byrjaði hjá Silla og Valda árið 1964. Það var miklu meira gaman í þessu þá – en kannski er það nú bara fortíðarþrá í mér. Ég byrjaði sem sendill á sérstöku sendlahjólí. Í búðinni var osturinn skorinn niður og seldur eftir máli og rúsínurnar vigtaðar. Eftir að Silli og Valdi hættu tók ég við einni búðinni þeirra og var með Verslun Óla Geirs á Hringbraut í fimm ár.“


Ólafur segist ekki hafa neina sérstaka skoðun á lýsingarorðinu „sjoppulegur“ sem er orðið fast í málinu og aðspurður hvort hann hyggist færa sig upp á skaftið í

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kiefer Sutherland losnar úr fangelsi á mánudagsmorgun. Leikarinn hóf 48 daga afplánun sína 5. desember eftir að hafa brotið skilorð sitt með því að aka undir áhrifum áfengis. Sutherland þykir hafa hegðað sér vel í fangelsinu, þar sem hann þurfti að eyða jólnunum og halda upp á afmæli sitt. „Hann er ekki ánægður hérna en það sést á hegðun hans að hann sér eftir að hafa brotið af sér og hann tekur fulla ábyrgð á gjörðum sínum,“ sagði talsmaður fangelsisins.



Leikarinn **Ian McKellen** skrifar á blogg síðu sinni um kynni sín af Brad Renfro, sem lést á dögunum, aðeins 25 ára. Þeir léku saman í myndinni Apt Pupil og ber McKellen Renfro vel söguna. „Hann var góður leikari og þegar við unnum saman var hann staðráðinn í að njóta almennrar viðurkenningar. Eins og Todd, hinn þjáði unglíngur í Apt Pupil, átti hann við innri ára að stríða. Hann var aðeins 25 ára og það er hræðilegt að vita til þess hverju hann hefði getað áorkað,“ sagði McKellen.



Volvo. For life.



brimborg

Öruggur staður til að vera á

NÝTT Í BIÓ!

FRÁBÆR NÝ GAMANMYND EFTIR BALTASARKORMÁKI!

Besta íslenska fil-gúdd myndin fyrr og síðar - S.S. 1-8/FA 9.77

Frábær mynd. Hún er fallg-sár og myndin. Allt gekk upp, leikur, leikmynd, saga, hjóð, mynd og allt sem þarf til að gera fina bíómynd. - S.M.E., Mannlíf

NÚ MÆTAST ÞAU AFTUR!

TVÖ HÆTTULEGSTU SKRÍMSLI KVIKMYNDASÖGUNNAR Í TVÓFALT BETRI MYNDI!

Brúðguminn er heilsteyp og skemmtileg mynd sem kemur eins og ferskur andvari inn í skammdag. - S.P., Kvika Rás 1

Besta íslenska fil-gúdd myndin fyrr og síðar - S.S. 1-8/FA 9.77

Frábær mynd. Hún er fallg-sár og myndin. Allt gekk upp, leikur, leikmynd, saga, hjóð, mynd og allt sem þarf til að gera fina bíómynd. - S.M.E., Mannlíf

NÚ MÆTAST ÞAU AFTUR!

TVÖ HÆTTULEGSTU SKRÍMSLI KVIKMYNDASÖGUNNAR Í TVÓFALT BETRI MYNDI!

Brúðguminn er heilsteyp og skemmtileg mynd sem kemur eins og ferskur andvari inn í skammdag. - S.P., Kvika Rás 1

Frönsk kvikmyndahátíð 11.-24. janúar í Háskólabíó

PERSEPOLIS
MOLIÈRE
LÖGMADUR HRYÐJUVERKANNA
LOFABU MÉR
2 DAGAR Í PARÍS

DAGSKRÁ OG MIÐSALA Á MIÐLIS - ALLT UM MYNDIRNAR Á GRAENALJOSID.IS OG AF.IS - ALLAR MYNDIR MÆD ESKUM TEXTA

SMÁRRÁ BIÓ SÍMI 964 0000

BRÚÐGUMINN kl. 3:40-5:50-8-10:10
BRÚÐGUMINN LÚXUS kl. 3:40-5:50-8-10:10
ALIEN VS PREDATOR 2 kl. 6-8-10:10
THE MIST kl. 8-10:40
THE GOLDEN COMPASS kl. 5:30-8-10:30
ALVIN & IKORNARNIR kl. 4-6
ALVIN & IKORNARNIR kl. 4-6
DUGGHOLUFOKID kl. 3:45

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

BRÚÐGUMINN kl. 6:30-8:30-10:30
LUST CAUTION kl. 6-9
I'M NOT THERE kl. 6-9
WE OWN THE NIGHT kl. 8-10:30
RUN FAT BOY RUN kl. 5:30

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

BRÚÐGUMINN kl. 6-8-10
THE NANNY DIARIES kl. 8-10:20
DUGGHOLUFOKID kl. 6

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

MOLIÈRE kl. 5:40
BREYTT HEIMILISFANG kl. 6
PERSEPOLIS kl. 8
LÖGMADUR HRYÐJUVERKANNA kl. 8
LOFABU MÉR kl. 10
TVEIR DAGAR Í PARÍS kl. 10:30

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BIÓMIÐANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

DEATH AT A FUNERAL

SAMBIO.IS SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

PRÆLFYNDIN GAMANMYND FRÁ WALT DISNEY.

THE GAMEPLAN
3 VIKUR Á TOPPNUM Í BANDARÍKASÝNUM.

fyndasta breska gamanmynd síðan
"FOUR WEDDINGS AND A FUNERAL"

DEATH AT A FUNERAL
FRÁ LEIKSTJÓRA "WHAT ABOUT BOB"

NATIONAL TREASURE
THE GAME PLAN

ALFABAKKA

THE GAME PLAN	kl. 5:40-8-10:20	L
NAT. TREASURE 2	kl. 5:30-8-10:30	12
NAT. TREASURE 2	kl. 5:30-8-10:30	VIP
DEATH AT A FUNERAL	kl. 6-8-10:10	7
I AM LEGEND	kl. 8-10:10	14
TÖFRAPRINSESSAN M/- ISL TAL	kl. 5:50	L
ENCHANTED M/- ENSK TAL	kl. 8	L
AMERICAN GANGSTER SÍð SYN	kl. 10:20	16
BÝFLUGUMYNDIN M/- ISL TAL	kl. 6	L

KEFLAVÍK

BRÚÐGUMINN	kl. 8-10	L
GAME PLAN	kl. 8-10:20	L

AKUREYRI

THE GAME PLAN	kl. 8-10	L
NATIONAL TREASURE	kl. 8	12
I AM LEGEND	kl. 10:20	16

SELFOSS

BRÚÐGUMINN	kl. 8-10:10	7
SIDNEY WHITE	kl. 8	7
NAT. TREASURE 2	kl. 10:10	12

Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ 11.-24. JANÚAR

PERSEPOLIS
MOLIÈRE
LÖGMADUR HRYÐJUVERKANNA
LOFABU MÉR
2 DAGAR Í PARÍS

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

BRÚÐGUMINN	kl. 6, 8 og 10	7
ALIEN VS PREDATOR 2	kl. 8 og 10	16
THE MIST	kl. 8 og 10:30	16
THE GOLDEN COMPASS	kl. 5	10
ALVIN OG IKORNARNIR - ISL TAL	kl. 6	L

Góður bransi að „bútlegga“ tónlist Bjarkar

Tónlistarlíf landsmanna hefur náð það langt að í heiminum í dag finnast fjölmargar ólöglegar útgáfur af íslenskri tónlist, svokallaðir „bútleggar“. Íslenskir bútleggar skiptast lauslega í tvo flokka. Annars vegar eru ólöglegar útgáfur með tónlist Bjarkar, hins vegar ólöglegar útgáfur af hljómsveitum hipparanna.

Heimasíða Bjarkar tiltekur 93 Bjarkarbútlegga. Megnið af þeim eru ólöglegar tónleikaupptökur sem framtaksamir smáglæpamenn víðs vegar um heiminn hafa þrykkt á diska og búíð til umslag með. Einnig er fyrsta tímabil Bjarkar vinsælt til bútlegga-gerðar. Hvorki fyrsta sólóplata Bjarkar frá 1977 né plötur Tappa Tíkarass hafa verið endurútgefnar löglega svo vilji aðdáendur heyrja þetta efni og vera strangheidarlegir er það bæði dyrt og erfitt. Þessar plötur liggja ekki á lausu og geri þær það þarf að punga út fyrir þeim. Á góðum degi má fá í kringum 60.000 íslenskr krónur fyrir fyrstu sólóplötu Bjarkar og 30.000 fyrir plötur Tappa Tíkarass.

Þrátt fyrir augljósa hagnaðarvon við að endurútgefa þessar plötur á löglegan hátt hefur það ekki verið gert. Svarti markaðurinn hefur því gripið til sinna ráða. Barnaplatan Bjarkar hefur ítrekað verið sett á disk af ýmsum vafasömum aðilum. Þessar útgáfur hefur jafnvel mátt kaupa í virðulegum plötubúðum erlendis. Þá hefur platan líka verið endurútgefin ólöglega í hljómplötuformi á alls konar litum vínýl, en platan kom bara út á svörtu plasti upprunalega. Bútleggar leggja yfirleitt mikið upp úr því að afurðin sýnist ekta, líklega til að fá betra verð fyrir vöruna. Á plötubútlegnum má sjá að gamli Fálkaplötumíðinn er á sínum stað. Plötur Tappans hafa fengið svipaða meðferð.

Aðrir vinsælir íslenskir tónlistarmenn eins og Sigur Rós og múm hafa í mun minna mæli verið „bútleggaðir“. Aðdáendur þessara sveita hafa frekar skipst á ólöglegum upptökum á stafrænan hátt og lítið farið út í það að þrykja efninu á diska. Þó eru undantekningar á þessu. Algengasti Sigur Rósar-bútleggurinn er ólögleg útgáfa af plötu sem hljómsveitin gerði með Steindóri Andersen árið 2001. Aðeins voru 1.000 eintök gerð af plötunni af hljómsveitinni sjálfri, sem er auðvitað ekki nógu stórt upplag miðað við eftirspurnina. Svarti markaðurinn hefur því séð um að metta markaðinn.



VINSÆL HJÁ SMÁKRIMMUNUM Svarti markaðurinn svarar Bjarkareftirspurninni.

BJÖRK Á GRÆNU PLASTI
Fálkamerkið á sínum stað.

TVÆR FYRIR EINA Ólöglegt Trúbrot á Ebay.

Fyrir utan Björk og Sigur Rós er það gamla íslenska hipparokkið sem útgáfusmákrimmarnir hafa velþóknun á. Í þessum geira er eina plata hljómsveitarinnar Icecross frá 1973 einna vinsælust. Bandið var skipað Axel Einarsyni, Ómari Óskarssyni og Ásgeiri Óskarssyni og spilaði þungt rokk. Platan hefur spurst út í gegnum árin meðal safnara og ganga upprunaleg eintök kaupum og sölum á metverði. Nokkrar kolólöglegar útgáfur hafa verið gerðar af plötunni, oft með vínýlbraki og öllu

saman, en lögleg endurútgáfa hefur verið í deiglunni um langt skeið.

Plötur með hljómsveitum Péturs heitins Kristjánssonar hafa fundið sér leið á svarta markaðinn, bæði plötur Svanfríðar og Pelican, og Trúbrot nýtur nokkurrar hylli í þessum vafasama geira. Nýlega mátti meðal annars rekast á bútlegg-útgáfu á Ebay þar sem tveimur plötum Trúbrots, Undir áhrifum og Lifun, hafði verið skellt saman á einn disk.

gunnarh@frettabladid.is

ÚTSALAN ER HAFIN

í HERRAFATAVERZLUN KORMÁKS OG SKJALDAR, Kjallara Kjörgarðs, Laugarvegi 59


Ótrúlega mikið úrval af jakkafötum, skyrtum, skóm, höttum og húfum ásamt ýmsum gjafavörum.

Laugarvegur 59 • 101 Reykjavík
Sími: 511 1817 • Fax: 511 1817



Af hverju að borga of háa vexti?

Færðu yfirdráttinn til okkar og borgaðu lægri yfirdráttarvexti.
Gerðu síðan eitthvað skemmtilegt fyrir mismuninn!



M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
M.v. vaxtatöflu S24 1.12.2007 og uppgöfna vexti annarra banka og sparisjóða.

Sæktu um... www.s24.is

> Helena með 20 stig fyrir TCU

Helena Sverrisdóttir skoraði 20 stig, tók 8 fráköst og gaf 3 stoðsendingar á aðeins 26 mínútum í glæsilegum 70-52 sigri TCU á Colorado State í bandarísku háskóladeildinni í fyrriútt. Helena hafði aðeins tekið 13 skot í síðustu þremur leikjum en komst nú betur inn í sóknarleik liðsins og það var við hæfi því Sverrir Hjörleifsson, faðir hennar, var í heimsókn og horfði á leikinn. Helena hitti meðal annars úr 3 af 4 þriggja stiga skotum sínum í leiknum og hefur nú sett niður 6 af 9 síðustu skotum sínum fyrir utan þriggja stiga línuna.

sport
sport@frettabladid.is



TAEKWONDO-KONAN AUÐUR ANNA JÓNSDÓTTIR: STEFNIR Á AÐ VINNA SÉR ÞÁTTTÖKURÉTT Á ÓLYMPIULEIKUNUM

Vissi strax að taekwondo væri rétta íþróttin

Auður Anna Jónsdóttir var valin taekwondo-kona ársins 2007 og hélt upp á það með góðri frammistöðu á Norðurlandamóti í taekwondo á dögum. Þar hlaut hún silfurverðlaun í sínum þyngdarflokki eftir spennandi rímmu í úrslitabardaganum. „Ég hefði náttúrulega átt að fara heim með gullið,“ sagði Auður Anna. „Ég tapaði úrslitabardaganum við finnska stelpu með einu stigi sem kom þegar sex sekúndur voru eftir af bardaganum. Mjög tæpt og mjög svekkjandi.“

Auður Anna hefur nóg fyrir stafni á næstunni. „Ég er að fara út til Tyrklands eftir helgi þar sem ég mun taka þátt í Evrópuúrtökumóti fyrir Ólympiuleikana og stefni að því að komast í gegn þar og vinna mér þar með keppnisrétt á Ólympiuleikum. Það verður hins vegar ekki létt þar sem ég þarf að komast á verðlaunapall til þess að það gangi eftir og ég dett úr leik um leið og ég tapa bardaga,“ sagði Auður Anna. Hún féll fyrir

taekwondo um leið og hún prófaði íþróttina. „Ég var í fótbolta þegar ég var yngri en eftir að ég slasaði mig þar ákvað ég að finna mér nýja íþrótt og prófaði ýmislegt. En eftir að ég prófaði taekwondo í fyrsta skiptið fyrir um sex og hálfu ári og keppti í mínu fyrsta móti, þá vissi ég strax að þetta væri rétta íþróttin fyrir mig,“ sagði Auður Anna sem þjálfar nú taekwondo hjá Björk í Hafnarfirði og segir íþróttina vera vaxandi á Íslandi. „Taekwondo er alltaf að stækka og stækka og verður sífellt vinsælli, sérstaklega eftir að íþróttin varð ólympiugrein. Ólíkt það sem sumir kunna að halda þá er rosalega lítil meiðslahætta í taekwondo og við æfum og keppum með þar til gerðar hlífar sem verja iðkendurna fullkomlega. Taekwondo er mjög góð líkamsrækt og er líka mjög fjölskylduvæn íþrótt og við hjá Björk erum til að mynda með hjón sem æfa saman ásamt sonum sínum og það er mjög skemmtilegt,“ sagði Auður Anna að lokum.



ENDASPRETTURINN Sveinn Elías Elíasson (til vinstri) tryggir sér sigur í 200 metra hlaupinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Alþjóðlegt mót í frjálsum:

Sveinn harkaði af sér og vann

FRJÁLSAR Sveinn Elías Elíasson úr Fjölni harkaði af sér og lét ekki meiðsli í upphitun spilla fyrir sér og tryggði sér sigur í 200 metra hlaupi á Reykjavík International í frjálsum í Laugardalshöll í gær.

Silja Úlfarsdóttir ætlaði sér að vinna bæði 60 og 200 metra hlaup en varð önnur í 200 og aðeins í 5. sæti í 60 metra hlaupinu. Helga Margrét Þorsteinsdóttir vann 60 metra grindarhlaup stúlkna og setti stúlkna- og ungvannamet og varð í 3. sæti í 200 metrunum.

Þorsteinn Ingvarsson, HSP (langstökk), Bjartmar Örnuson, UFA (800 m) Óðinn Þorsteinsson, FH (kúluvarp) Herdís Arnalds, Breiðabliki (400 m), Guðrún Pétursdóttir, Breiðabliki (hástökk) unnu sínar greinar og þau Arndís Ýr Hafþórsdóttir úr Fjölni og Björn Margeirsson úr FH voru fljótust í míluhlaupi. - 66j

Álímingsvélur og allar gerðir iðnaðarprentara.

Álímingsvélur, límmiðaprentarar, bleksprautuprentarar, filmuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar. Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

Flenging upp á franska mótann

Frakkar hefndu tapsins frá því á HM í Þýskalandi fyrir ári síðan með því að niðurlægja íslenska landsliðið í Prándheimi í gær. Frakkar hreinlega yfirspiluðu lélegt íslenskt lið þar sem ekki stóð steinn yfir steini.

HANDBOLTI Ísland var niðurlægt í annað sinn í riðlakeppni EM í gær. Svíaleikurinn var vondur og leikurinn gegn Frökkum í gær engu skárri.

Íslenska liðið stendur engan veginn undir væntingum og þarf að hysja verulega upp um sig til að forðast frekari niðurlægingu í milliriðlinum.

Alfredur byrjaði með sama byrjunarliði og gegn Slóvakum. Ólafur Stefánsson var ekki í hópnun vegna meiðsla og Sverre Jakobsen var kominn inn í stað Garcia Padron sem er veikur á ný.

Frakkar mættu til leiks mjög vel stemmdir. Spiluðu fasta og ákveðna framliggjandi vörn sem íslenska sóknin var í verulegum vandræðum með. Vörnin og markvarslan sem hefur verið aðalsmerki íslenska liðsins hingað til var ekki söm. Frakkar fengu allt of auðveld skot og Hreiðar varði ekki bolta fyrir aftan.

Í stöðunni 3-8 tók Alfredur leikhlé og freistaði þess að hressa sína menn við. Leikhléið skilaði nákvæmlega engu. Íslensku leikmennirnir voru allt of passfirir í sóknarleikum. Það vantaði allan kraft og sjálfstraust í leikmennina og þeir virtust hreinlega ekki hafa trú á því sem þeir voru að gera.

Á sama tíma var Nikola Karabatic að fara á kostum í sókninni og Thierry Omeyer fór hamföllum í markinu en hann varði 11 skot og þar af tvö víti í hálfleikum. Íslensku strákarnir gerðu honum reyndar of auðvelt fyrir á köflum með því að skjóta ítrekað niðri líkt og þeir gerðu gegn Svíum með hræðilegum árangri.

Birkir Ívar datt í smá stuð undir lok hálfleiksins og bjargaði algjörru niðurlægingu í hálfleikum en Frakkar leiddu með níu mörkum, 8-17.

Alfredur reyndi að breyta til í



EM Í NOREGI

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Prándheimi
henry@frettabladid.is



LÍTIL STEMNING Íslensku leikmennirnir leyndu ekki vonbrigðum sínum né vonleysi sínu þegar ljóst var í hvað stefndi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

seinni hálfleik með því að fara í 6/0-vörn en allt kom fyrir ekki. Sérstaklega þar sem markvarslan var nákvæmlega engin og íslensku markverðirnir voru ekki bolta fyrr en eftir 18 mínútur í hálfleikum.

Frakkarnir slókuðu aðeins á en gáfu ekki færi á sér og sáu til þess að hefndin eftir HM í fyrra var sæt. Níu marka sigur, 21-30, staðreynd og Frakkar einir liða í okkar milliriðli með fjögur stig.

Því er ekki að neita að frammistaða íslenska liðsins í þessari riðlakeppni er gríðarleg vonbrigði. Liðið er búið að láta niðurlægja sig í tvisgang, spila einn flottan hálfleik gegn Slóvakum en hinn var vondur. Íslenska liðið er



ÁFRAM ÍSLAND Það hefur verið mögnuð stemning meðal íslensku áhorfendanna á leikjunum í Prándheimi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

ekki bara að tapa heldur er það að tapa mjög illa. Sóknarleikur liðsins er í algjörum molum og frammistaðan í riðlakeppninni gefur ekki vonir um gott gengi í milliriðlinum.

Enn er þó von fyrir liðið þar sem

aðeins eitt lið fer með fjögur stig í milliriðlinum. Liðið getur enn náð markmiðum sínum en til að það gerist þarf svo sannarlega margt að breytast og það er ekkert sem bendir til þess í augnablikinu að ástandið breytist nokkuð.

HEFURÐU EYRA FYRIR FJÖLMIÐLUN?

Radiophonic Narration er fagnám fyrir hæfileikafólk sem vill vinna að skapandi fjölmiðlun.

Radiophonic Narration er fjölþjóðlegt verkefni á vegum Kvikmyndaskóla Íslands sem byggir á gagnvirkri kennslu og verkefnagerð. Þátttakendur ferðast til Grænlands, Svíþjóðar, Danmerkur og taka virkan þátt í workshops undir handleiðslu verðlaunaðra fagmanna. Í náminu er farið rækilega í grunnþætti á framleiðslu heimilda- og fléttuþátta, svo sem upptöku- og klippitækni, viðtalstækni, dramatúrgíu og hljóðnotkun.

UMSÓKNARFRESTUR: 15 FEBRÚAR

Nánari upplýsingar á www.radiophonic-narration.is
Fyrirspurnir: rikke@kvikmyndaskoli.is
Námstími: Frá mars 2008 til júlí 2009
www.kvikmyndaskoli.is



KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS



Námskeiðið Radiophonic Narration er haldið á vegum Kvikmyndaskóla Íslands í samvinnu við Háskóla Grænlands, Grænenska fjölmiðlaskólann, Dramatiska Institutet í Stokkhólmi og Danska Ríkisútvarpið. Verkefnið er að auki stutt af RÚV, KNR og Miðstöð munnlegrar sögu og styrkt af Leonardo da Vinci - starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins.

KNR napa DR



Aðal-skoðunin í Skeifunni

Höfum opnað nýja og fullkomna skoðunarstöð í Skeifunni 5.

Hægt er að fá skoðun án tímapöntunar í Skeifunni en þar veitum við alla almenna skoðunarþjónustu fyrir bifreiðar, svo sem aðalskoðun, endurskoðun, ástandsskoðun og breytingaskoðun.

Hlökkum til að taka á móti bílum og öikumönnum á nýjum stað.





BROTISTÍ Í GEGN Logi Geirsson sést hér skora mark í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Logi Geirsson var hundfúll:

Sóknin er vandamálið

HANDBOLTI „Mér fannst við ekki mæta nógu grimmir í þennan leik. Það er skandall hvernig við spilum leiknum frá okkur eiginlega strax á fyrstu tíu mínútum leiksins. Það eru allt of miklar sveiflur í okkar leik,“ sagði Logi Geirsson hundfúll.

„Hugarástandið er ekki rétt og við verðum að leggja vel yfir það hvað sé eiginlega að hjá okkur og laga það,“ sagði Logi en hann er ekki sáttur við sitt framlag sem og annarra sóknarleikmanna.

„Það er leiðinlegt að segja það en mér finnst sóknarleikurinn það slakasta hjá okkur í mótinu. Ég er stór hluti af vandamálinu enda ekki að skora þau mörk sem ég á að gera og við erum heldur ekki að losa um línuna. Ef við ætlum að ná markmiðum okkar þá verðum við að spýta í lófana og þá kannski sérstaklega við skytturarnar sem erum ekkert að skora,“ sagði Logi ákveðinn.

- hbg



VALINN BESTUR Mótshaldarar völdu Snorra Stein Guðjónsson besta leikmann íslenska liðsins í leiknum á móti Frökkum en hann skoraði 4 mörk úr 6 skotum í honum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Guðjón Valur Sigurðsson:

Höfum engu að tapa lengur

HANDBOLTI „Það ömurlega við þetta er að menn hreyfa sig ekki nóg og það verður að taka á því til þess að vinna leiki. Við erum að spila of hægt og spilum okkur varla í færi. Við þurfum oft að taka vond skot því við erum að spila það illa í sókninni að það opnast ekkert,“ sagði fyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson sem hefur leyst hinar ýmsu stöður í mótinu og var talsvert á miðjunni í gær.

„Frakkarnir sýndu okkur í dag hvernig karlmenn spila þessa íþrótt og við urðum undir í þeirri baráttu. Ég hef enga skýringu á þessu, undirbúningur er góður, menn virðast vera klárir og svo erum við eins og negldir við gólfið þegar leikurinn byrjar. Við höfum pakkað 3/21-vörn saman síðustu ár en nú er alveg sama hvaða vörn er á móti okkur. Það gengur aldrei neitt,“ sagði Guðjón en fram undan er rimma við heimsmeistarana Þjóðverja á morgun.

„Auðvitað eigum við enn möguleika og þetta hlýtur að verða auðveldara með hverjum leik því ég trúir ekki öðru en að menn fari að ranka við sér. Við höfum engu að tapa lengur.“ - hbg

Alexander Petersson segist ekki vera tilbúinn að gefast upp þótt illa gangi á EM:

Við spilum ekki sem eitt lið

HANDBOLTI „Frakkarnir byrjuðu mjög grimmir og þar sem þeir eru sterkari en við þá verðum við að nota hausinn en við gerðum það ekki,“ sagði hornamaðurinn Alexander Petersson niðurlátur.

„Vissulega söknum við Óla og við reyndum hvað við gátum en erum einfaldlega ekki nógu skynsamir í okkar leik. Gerum fullt af vondum mistökum. Við verðum að vinna saman sem lið en ekki sem einstaklingar því þá eigum við aldrei möguleika í svona leiki,“ sagði Alexander en hann vill ekki meina að það vanti sjálfstraust í liðið.

„Það lítur kannski þannig út en menn eru vel stemmdir fyrir leiki. Engu að síður fer allt á versta veg um leið og menn klúðra nokkrum skotum. Þá dettur allur botn úr þessu hjá okkur. Við getum enn gert góða hluti í þessu móti og við ætlum ekkert að gefast upp,“ sagði Alexander.

- hbg



MARKAHÆSTUR Alexander Petersson skorar hér eitt af fimm mörkum sínum gegn Frökkum. Hann skoraði þrjú af síðustu fimm mörkum leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Get ekki leyft mér að vera bjartsýnn

Alfred Gíslason segist ekki hafa neina ástæðu til þess að vera bjartsýnn fyrir milliriðil EM enda þurfi heilmargt að lagast í leik íslenska liðsins. Hann hefur þó ekki lagt árar í bát.

HANDBOLTI Alfred Gíslason var eðlilega þungur á brún eftir leikinn og ljóst að leikur hans liðs gegn Frökkum olli honum miklum vonbrigðum.

„Þetta var því miður þannig að við áttum aldrei nokkurn möguleika í þessum leik og það var klassamunur á liðunum að öllu leyti. Ég held að leikmenn hafi alveg haft trú á verkefninu fyrir leikinn en það er allt annað að sýna það þegar út á völlinn er komið. Við vorum að mæta heimsklassaliði en við erum það ekki í dag. Auðvitað söknum við Óla og þess að Garcia sé ekki í formi,“ sagði Alfred sem er augljóslega orðinn mjög pirraður á vandræðaganginum í sóknarleik liðsins.

„Við skorum einfaldlega ekkert utan af velli. Við erum háðir því að skytturarnar skori utan af velli. Ef þær gera það ekki og spila ekki heldur vörn þá er ekkert eftir. Við fáum aldrei þessi léttu mörk og svo er ekkert að góðum sendingum eða opnunum. Við höfum ekki sömu hæð og þyngd og andstæðingar okkar að þessu sinni. Eina leiðin til þess að mæta því er með því að spila hraðari leik. Allar skytturarnar voru að spila mjög hægt,“ sagði Alfred en þó svo frammistaðan í riðlakeppninni gefi ekki vonir um gott gengi í milliriðli hefur Alfred ekki lagt árar í bát.

„Ég get ekki leyft mér að vera bjartsýnn. Það er engin ástæða til þess enda ekki lið sem skorar utan af velli. Slagurinn er samt ekki búinn enda erum við aðeins tveim stigum á eftir öllum liðunum í milliriðlinum nema Frökkum. Við eigum enn góða möguleika á að gera góða hluti og því vil ég ekki segja að það sé svart fram undan.“



EM Í NOREGI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifari frá Þrándheimi
henry@frettabladid.is



NIÐURLÁTUR Alfred Gíslason, landsliðsbjálfi, gengur af velli eftir níu marka tap fyrir Frökkum í Þrándheimi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Nokkrir hlutir verða samt að breytast til að við náum okkar markmiðum. Ég sé það ekki gerast nema við fáum meiri aga og hreyfingu sem og að menn geri það sem fyrir þá er lagt en það gera menn því miður ekki allt of oft,“ sagði Alfred en hann trúir því enn staðfastlega að Ísland geti lagt alla sína andstæðinga að velli.

„Við getum það vel en þá verðum við að spila mikið betur en við höfum gert hingað til,“ sagði Alfred.



ÓSÁTTUR VIÐ DÓMARANA Alfred Gíslason var ekki bara óánægður með leik íslensku strákanna því hér talar hann við pólsku dómara í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM EM Í HANDBOLTA

Engar lausnir hvorki í vörn né sókn

Leikur Íslands og Frakklands á EM í gær varð því miður aldrei sú skemmtun sem vonast var eftir. Það er alveg sama hvar niður er komið, Frakkarnir voru með yfirburði á öllum sviðum og einfaldlega einu númeri of stórir og rúmlega það.

Frakkarnir tóku strax völdin í leiknum og hægt og bitandi juku þeir forskotið og þegar gengið var til búningsklefa og Frakkarnir með nú marka forskot má segja að leiknum hafi verið lokið.

Í raun var fyrri hálfleikurinn spegilmynd fyrri hálfleiksins okkar gegn Slóvakum nema hvað að nú vorum við í hlutverki Slóvaka og sáum aldrei til sólar í þessum leik.

Hvað seinni hálfleikinn varðar er lítið um hann að segja. Leiknum var lokið í hálfleik eins og fyrr segir og við gerðum lítið annað en að reyna að halda í horfinu og komast sem best frá leiknum sjálfum.

Frammistaða einstakra manna, eðli máli samkvæmt, var ekki merkileg og fáir ef nokkur sem sköruðu fram úr. Helst að Robbi á línunni hafi átt sæmlega spretti en aðrir voru einfaldlega langt frá sínu besta.

Það er engin spurning að Frakkar eru með frábært lið og klárlega líklegir til að verja Evrópumeistaratitil sinn. En hvort að það eitt og sér útskýri frammistöðu okkar manna verð

ég að setja spurningarmerki við. Við verðum einfaldlega að spyrja okkur að því, af hverju svona margir leikmenn liðsins eru að spila jafn illa og raun ber vitni og þá sérstaklega sóknarlega.

EKKI ætla ég að halda því fram að menn hafi ekki verið að leggja sig fram eða ekki haft þann metnað sem til þarf. Við einfaldlega áttum ekki til lausnir, hvorki varnarlega né sóknarlega til þess að geta átt við jafn sterkt lið og Frakkarnir eru, auk þess sem munur á líkamlegum styrk er mikill.

HÍD jákvæða er að liðið er komið áfram í milliriðil en því miður förum við þangað án stiga. Framundan eru leikir við

Hreiðar Guðmundsson:

Við gátum ekki neitt í leiknum

HANDBOLTI „Það var alveg sama hvað við gerðum. Það gekk ekkert upp. Það þurftu allir að toppa til að vinna þennan leik en við gátum ekki neitt,“ sagði Hreiðar Guðmundsson markvörður sem náði ekki að fylgja eftir góðum leik gegn Slóvakum.

„Ég hélt að menn hefðu trú á þessu en þeir keyra svo strax yfir og við náðum okkur aldrei til baka. Eg veit hreinlega ekki hvað er að hjá okkur,“ sagði Hreiðar sem var með fjórðu bestu hlutfallsmarkvörsluna í riðlakeppni Evrópumótisins.

- hbg

ÚRSLITIN Í GÆR

EM í handbolta í Noregi

A-riðill	
Pólland-Tékkland	33-30
Karol Bielecki 9, Grzegorz Tkaczyk 5, Marcin Lijewski 5 - Karel Nocar 7, Jan Filip 6.	
Króatía-Slóvenía	29-24
Ivano Balić 7, Nikša Kaleb 4, Igor Vori 4, Petar Metličić 4 - Ales Pajović 7.	

Lokastaðan í riðlinum	
Króatía	3 3 0 0 91-77 6
Pólland	3 2 0 1 93-89 4
Slóvenía	3 1 0 2 85-94 2
Tékkland	3 0 0 3 88-97 0

B-riðill	
Danmörk-Rússland	31-28
Lars Christiansen 13/7, Michael Knudsen 5, Lars Kogh Jeppesen 5 - Eduard Koksharov 6, Denis Krivochykov 5, Konstantin Igropulo 4.	
Noregur-Svartfjallaland	27-22
Havard Tvedten 5/3, Jan Thomas Lauritzen 4, Kristian Kjelling 4/1 - Alen Muratovic 8, Drasko Mrvaljevic 6, Mladen Rakcevic 5.	
Lokastaðan í riðlinum	
Noregur	3 3 0 0 86-69 6
Danmörk	3 2 0 1 89-79 4
Svartfjallaland	3 0 1 2 71-84 1
Rússland	3 0 1 2 74-88 1

C-riðill	
Spánn-Pýskaland	30-22
Juan Garcia 8/2, Albert Eenterreros 3, Albert Rocas 3, Ruben Garabaya 3, Ion Belaustegui 3, Julen Aguinagalde 3 - Holger Glandorf 4, Andrej Klimovets 4, Florian Kehrmann 4.	
Ungverjaland-Hvíta Rússland	31-26
Gergio Ivancsik 9/4, Laszlo Nagy 9, Nikola Eklemovics 4 - Andrei Kurchev 7, Ivan Brouka 6/1.	
Lokastaðan í riðlinum	
Ungverjaland	3 2 0 1 90-82 4
Spánn	3 2 0 1 94-88 4
Pýskaland	3 2 0 1 84-80 4
Hvíta Rússland	3 0 0 3 83-101 0

D-riðill	
Ísland-Frakkland	21-30 (8-17)
Mörk Íslands (skot): Alexander Petersson 5 (6), Guðjón Valur Sigurðsson 4 (10/1), Snorri Steinn Guðjónsson 4/2 (7/2), Einar Hólm geirsson 2 (6), Róbert Gunnarsson 2 (3), Logi Geirsson 2/1 (8/2), Vignir Svavarsson 1 (1), Bjarni Fritzon 1 (2).	
Varin skot: Birkir Ivar Guðmundsson 7 (23/2) 30%, Hreiðar Levý Guðmundsson 4/1 (18/1) 22%.	
Hraðaupphlaup: 4 (Guðjón 2, Vignir, Bjarni).	
Fiskuð víti: 4 (Róbert 3, Logi).	
Utan vallar: 4 mínútur.	
Mörk Frakka (skot): Nikola Karabatic 10/2 (14/2), Daniel Narcisse 4 (8), Olivier Girault 4 (6/1), Jerome Fernandez 3 (6), Bertrand Gille 2 (2), Luc Abalo 2 (4), Didier Dinart 1 (1), Guillaume Gille 1 (2), Christophe Kempe 1 (2), Cedric Paty 1 (1), Fabrice Guilbert 1 (2).	
Varin skot: Thierry Omeyer 17/2 (32/4) 53%, Daouda Karabou 2 (8) 25%.	
Hraðaupphlaup: 8. Fiskuð víti: 3	
Utan vallar: 10 mínútur.	

Lokastaðan í riðlinum	
Frakkland	3 3 0 0 90-76 6
Svíþjóð	3 2 0 1 89-72 4
Ísland	3 0 1 2 68-76 2
Slóvakía	3 0 0 3 78-101 0

MARKAHÆSTIR Í RIÐLAKEPPNINI:	
1. Karol Bielecki, Pólland	24
1. Alen Muratovic, Svartfjallandi	24
3. Barys Pukhouski, H-Rússlandi	23/1
4. Drasko Mrvaljevic, Svartfjallalandi	21/4
5. Ales Pajovic, Slóveníu	21
6. Jan Filip, Tékklandi	20
6. Ulvano Balic, Króatíu	20
8. Havard Tvedten, Noregi	19/13
8. Kim Andersson, Svíþjóð	19/6
8. Laszlo Nagy, Ungverjalandi	19
8. Nikola Karabatic, Frakklandi	19/4
21. Guðjón Valur Sigurðsson	15/2
37. Alexander Petersson	11

MILLIRIÐILL 1	
Króatía 4 stig (Markatala: +10), Noregur 4 (+6), Danmörk 2 (+7), Pólland 2 (+1), Slóvenía 0 (-11), Svartfjallaland 0 (-13).	
MILLIRIÐILL 2	
Frakkland 4 stig (Markatala: +13), Ungverjaland 2 (+3), Spánn 2 (+1), Svíþjóð 2 (+1), Pýskaland 2 (-4), Ísland 0 (-14).	
LEIKIR ÍSLANDS Í MILLIRIÐLINUM	
Þriðjudagur Ísland-Pýskaland Kl. 19:30	
Miðvikudagur Ísland-Ungverjaland Kl. 15:30	
Fimmtudagur Ísland-Spánn Kl. 14:20	

Enska úrvalsdeildin	
Wigan-Everton	1-2
0-1 Andy Johnson (39.), 0-2 Jolean Lescott (42.), 1-2 sjálfsmark (53.).	
Man. City-West Ham	1-1
0-1 Carlton Cole (8.), 1-1 Darius Vassell (16.).	

Spænska 1. deildin	
Barcelona-Racing Santander	1-0
1-0 Thierry Henry (31.).	
Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona þriðja leikinn í röð en var skipt út af á 59. mínútu leiksins fyrir Rafael Márquez.	
Atletico Madrid-Real Madrid	0-2
0-1 Raul (1.), 0-2 Ruud van Nistelrooy (42.).	

Níttján mótsmet voru sett á Reykjavík International í sundi sem Ægir hélt með myndarbrag og lauk í gær:

Spennandi einvígi Hrafnhildar og Erlu

SUND Reykjavík International í sundi, sem er í umsjón Ægisfólks, lauk í gær og það var mikil stemning alla helgina þar sem voru sett níttján glæsileg mótsmet.

Norðmaðurinn Alexander Dale Oen vann besta afrek mótsins þegar hann synti 100 metra bringusund á 1:01,38 en þar fékk hann mestu keppnina frá Ægismanninum Jakobi Jóhanni Sveinssyni sem náði þar fjórða besta afreki mótsins og því besta meðal íslensku keppendanna.

Hjörtur Már Reynisson (5. sæti fyrir 50 metra flugsund) og Erla Dögg Haraldsdóttir (10. sæti fyrir 200 metra fjörsund) komust einnig á listann yfir tíu bestu afrek



VANN ERLU DÖGG SH-ingurinn Hrafnhildur Luthersdóttir.

FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

mótsins. Íslenskt sundfólk setti alls þrjú mótsmet um helgina. Hjörtur Már Reynisson KR setti mótsmet í 100 metra flugsundi

þegar hann synti á 56.28 sekúndum, Sigrún Brá Sverrisdóttir úr Fjölni setti mótsmet í 200 metra skriðsundi á 2:07.65 mínútum og

þá setti Hrafnhildur Luthersdóttir úr SH mótsmet í undanrásunum í 50 metra bringusundi er hún synti á 33.83 sekúndum.

Eitt allra skemmtilegasta sund helgarinnar var úrslitasundið í 100 metra bringusundi kvenna en þar vann Hrafnhildur Erlu Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB, eftir mikla spennu. Erla Dögg og Hrafnhildur eiga í mikilli keppni um að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum.

Þær Hrafnhildur og Erla Dögg voru aðeins frá því að ná lágmarkunum nú en tímabilið er að rétt að byrja og þær hafa tæpa sex mánuði til viðbótar til þess að tryggja sig til Peking.

- 66j

VIÐ STYÐJUM HANDBOLTALANDSLIÐIÐ

í blíðu og stríðu

STYÐJUM STRÁKANA Í MILLIRIÐLINUM Á EM BEINT FLUG TIL ÞRÁNDHEIMS Í DAG KL. 16.45!

MILLIRIÐLAR | 94.500* KR.
21.-25. JANÚAR | Á MANN Í TVÍBÝLI

+ Nánari upplýsingar og bókanir
á www.uu.is/ithrottir eða í síma 585 4000
Líka má bóka á www.icelandair.is



Hvatning og stuðningur eru mikils virði þegar menn heyja harða keppni á alþjóðavettvangi. Icelandair og Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn taka nú höndum saman og bjóða handboltaáhugamönnum einstakt ferðatilboð í beinu flugi til Þrándheims í Noregi á EM 2008.

Tryggðu þér strax sæti! Hvetjum strákana til dáða á EM 2008!

ÁFRAM ÍSLAND, ALLTAF!



VERTU VIRKUR STUÐNINGSMANNA STRÁKANA OKKAR
Í ÍSLENSKA LANDSLIÐINU Í HANDBOLTTLEIK



ICELANDAIR



* Innifalið: Flug, skattar, gisting í 4 nætur með morgunverði, flugvallarakstur erlendis og miðar á alla leiki íslenska liðsins milliriði.

> Ryan Gosling

Uppáhaldsleikari þessa 28. ára leikara frá London í Ontaríó-fylki Kanada er að eigin sögn enginn annar en Gary Oldman. Gosling leikur í hinni frábæru mynd The United States of Leland sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** VILL FLEIRI HEIMILDARMYNDIR

Geðhvarfasjúklingur og gamall Trabant

„Ég vil ekki fremja sjálfsmorð, en ég hef ekkert á móti því að deyta,“ voru lokaorð breska leikarans Stephens Fry í heimildarmynd sem Sjónvarpið sýndi í tveimur hlutum nýverið. Í myndinni segir Fry sögu sína og baráttu við geðhvarfasýki. Tilgangurinn með gerð hennar var einhvers konar uppgjör leikarans við sjúkdóminn, en ekki síður að fræða og eyða algengum ranghugmyndum fólks. Geðhvarfasýki var mér hulinn heimur og leikaranum hefur því tekist áætunarverk sitt hvað mig varðar. Ég held að svo sé um mun fleiri. Frá 12.15 til 15.40 á laugardaginn sá ég glitta í fullkomnun í íslensku sjónvarpi. Þrjár heimildarmyndir voru þá til sýningar. Veislan byrjaði á mynd um misskið fyrirbæri sem er litli eðalbillinn Trabant. Það sem ég hafði lengi haldið að væri misheppnaðasta tilraun til bílasmíði í sögunni reynist vera meistarasmiði sem hafði djúpstæð áhrif á sögu 20. aldar. Eða það finnst þeim sem koma frá eystri hluta Evrópu og lífðu undir járnhæl gömlu

Sovétríkjanna. Eftir þessa heimildarmynd mun ég aldrei aftur líta Trabanteigendur hornauga, heldur horfa til þeirra með virðingu. Þeir hafa alltaf vitað eitthvað sem mér var hulið; ekki það að ég ætli að kaupa af þeim bílinn.

Framlag Stephens Fry fylgdi á eftir og með kímignáfu sinni og frásagnarhæfileikum leiddi hann mig frá forheimsku til upplýsingar. Á meðan sveiflaðist ég á milli oflætis og þunglyndis og var það viðeigandi. Leikarinn er snillingur og þess er ekki langt að biða að hann verði aðlaður.

Syrpunni lauk með heimildarmyndinni Syndum feðranna um Breiðavíkurdrengina. Sagan er sorgleg og fjallar um grimmt örlög. Sagan er líka íslensk sem gerir hana enn áhrifameiri. Hvernig stendur á því að við höfum almennt minni áhuga á óendanlegum fjölbreytileika heimsins sem við lifum í en skáldaðri tilveru þar sem fæst okkar finna nokkra samsvörum? Það vantar góða heimildarmynd um það.



EKKI MISSA AF



► **17.25 Footballer's Wives** ET SIRKUS



► **18.00 Fun With Dick and Jane** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.15 American Idol** STÖÐ 2



► **21.00 Heroes** SKJÁREINN



► **21.15 Criminal Minds** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

14.20 EM í handbolta Sýndur verður leikur Spánverja og Þjóðverja.

15.55 Sunnudagskvöld með Evu Mariu

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknálsfréttir

17.30 Hanna Montana (14:26) Leiknir þættir um unglingsstúlkuna Miley sem lifir tvöföldu lífi sem poppstjarna og skólástúlka sem reynir að láta ekki frægðina hafa áhrif á líf sitt.

17.53 Skritin og skemmtileg dýr (2:26)

18.00 Myndasafnið

18.01 Gurra grís (75:104)

18.16 Lítil prinsessa (6:35)

18.17 Halli og risaeðlufatan (44:52)

18.30 Út og suður

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.20 Frumstætt fólk (1:3) (The Curious Tribe) Breskur heimildamyndaflokkur.

► **21.15 Glæpahneigð** (35:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérseitt lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sportið

22.45 Flokksgæðingar (3:8) (Party Animals)

23.40 Spaugstofan

00.05 Kastljós

00.45 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 The United States of Leland

08.00 Mrs. Doubtfire

10.05 World Traveler

12.00 Fun With Dick and Jane

14.00 Mrs. Doubtfire

16.05 World Traveler

► **18.00 Fun With Dick and Jane** Sprenglæglæg gamanmynd með Jim Carrey og Téu Leoni í aðalhlutverkum.

20.00 The United States of Leland

22.00 Longford

00.00 Breathtaking

02.00 House of 1000 Corpses

04.00 Longford



07.00 Stubbarnir

07.25 Tommi og Jenni

07.50 Kalli kanína og félagar

08.00 Kalli kanína og félagar

08.10 Kalli kanína og félagar

08.15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 The Bold and the Beautiful

09.30 Wings of Love

10.15 Homefront (15:18) (e)

11.00 Freddie (2:22)

11.25 Örlagadagurinn (5:30)

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Nágrannar

13.10 Sisters (20:22)

13.55 Goal!

15.55 W.I.T.C.H.

16.18 BeyBlade

16.43 Tracey McBean 2

16.58 Litlu Tommi og Jenni

17.23 Froskafjör

17.28 Nágrannar

17.53 The Bold and the Beautiful

18.18 Ísland í dag og veður

18.30 Fréttir

18.50 Ísland í dag

19.25 The Simpsons (3:22) (e)

19.50 Friends 4 (17:24)

► **20.15 American Idol** (1:41) Bandaríska Idol-stjörnuleitunin er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnu en fram að þessu hafa sigurveggar keppninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómaramir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sinum stað, rétt eins og kynnirinn Ryan Seacrest.

21.40 American Idol (2:41)

23.05 Sometimes in April

00.40 NCIS (18:24)

01.25 Most Haunted

02.15 Goal!

04.10 Bones (1:21)

04.55 The Simpsons (3:22) (e)

05.20 Friends 4 (17:24)

05.45 Fréttir og Ísland í dag

06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SYN besta sætið

07.00 Spænski boltinn Útsending frá leik Atletico Madrid og Real Madrid í spænska boltanum.

16.50 NFL-deildin Útsending frá leik New England Patriots og San Diego Chargers í NFL deildinni.

18.50 NFL-deildin Útsending frá leik Green Bay Packers og New York Giants í úrslitakeppni NFL deildarinnar.

20.50 Inside Sport (Tim Henman / Drugs in Cycling)

21.25 King of Clubs (Konungur félagslíðanna) Vandaður þáttur sem fjallar um stórlíðin í heiminum í dag og hvernig þeim hefur tekist að halda sér í fremstu röð í öll þessi ár.

22.00 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimil Guðjónssyni.

22.45 Utan vallar Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.

23.30 Heimsmótaröðin í póker

00.25 Spænski boltinn (Barcelona - Racing)

SYN2

07.00 Man. City - West Ham

16.05 Fulham - Arsenal

17.45 Ensku mörkin Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

18.45 Season Highlights Allar leiktiðir Úrvalsdeldarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

19.50 Liverpool - Aston Villa (Enska úrvalsdeldin) Bein útsending frá leik Liverpool og Aston Villa í ensku úrvalsdeldinni.

21.50 Ensku mörkin

22.50 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

23.20 Liverpool - Aston Villa

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

16.15 Vörutorg

17.15 Dýravinir (e)

17.45 Dr. Phil

18.30 The Drew Carey Show (e)

19.00 Giada's Everyday Italian (e)

19.30 30 Rock (e)

20.00 Friday Night Lights (21:22)

Dramatsk þáttaröð um unglunga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fót-boltaíðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Taylor þjálfari er með tilboð frá háskóla í Texas og tekur ákvörðun sem setur allt á annan endann í fjölskyldunni. Jason flytur í nýja íbúð og leyndarmál Tyru kemur upp á yfirborðið.

► **21.00 Heroes** (10:11) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Peter heldur til Texas ásamt nýjum vini í von um að eyða vírusnum sem mun í framtíðinni draga 93 prósent heimsbyggðarinnar til dauða. Niki snýr aftur til sonar síns með slæm tíðindi. Hiro reynir að finna morðingja föður síns og Nathan kemst að því að bróðir hans er á lífi.

22.00 C.S.I. New York (19:24) Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Mac og Stella þurfa að yfirfarga ýmsar hindranir þegar þau rannsaka morð sem framið var í góðgerðarsamkomu á vegum Sameinuðupjóðanna. Annars staðar í borginni er kokkur stunginn til bana í opnun á veitingastað hans.

23.00 The Drew Carey Show

23.25 Dexter (e)

00.15 The Dead Zone (e)

01.05 NÄTHRAFNAÐ

01.05 C.S.I. Miami

01.50 Ripley's Believe it or not!

02.40 The World's Wildest Police Videos

03.25 Vörutorg

04.25 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Samantekt helstu fréttá vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:

STÆRSTI SJÓNVARPS-ÞÁTTUR Í HEIMI

AMERICAN IDOL – FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20:15



skemmtilegri



Í KVÖLD

SÝN 2 KL. 19.50

Liverpool - Aston Villa

Boðið er upp á hörkuleik á Anfield Road í kvöld þar sem Liverpool tekur á móti Aston Villa. Eftir frekar magurt gengi undanfarnar vikur er talað um að farið sé að hitna verulega undir knattspyrnustjóra Liverpool, Rafael Benítez. Það er að duga eða dreypast fyrir drengina úr Bítlaborginni því það má ekkert út af bregða ef liðið ætlar sér að gera atlögu að Englandsmeistarátitlinum í vor. Á hinn bóginn hefur lið Aston Villa leikið ágætlega í vetur og hefur Martin O'Neill sýnt að það getur ekkert lið bókað sigur gegn Aston Villa.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Frumstætt fólk

Sjónvarpið kl. 20.20

Breskur heimildarmyndaflokkur í þremur þáttum. Á Papúa Nýju-Gíneu býr þjóðflokkur við aðstæður sem þættu frumstæðar á Vesturlöndum. Blaðamaðurinn Donal MacIntyre bauð fimm manns þaðan til Englands og kynnti fólkinu síði heimamanna.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni og auglýsingar
13.00 Vitt og breitt
14.03 Bak við stjórnurnar
15.03 Útlitssagan: Stúlka með fingur
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregni
16.13 Hlaupanótan
17.03 Viðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregni og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Stjörnuvíkingur
21.20 Kvika
22.12 Lestur Passíusálma hefst
22.18 Áfsprengi
23.10 Lóðrétt eða lárétt
00.07 Útlitssagan á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks

16.30 Hollyoaks

17.00 Totally Frank

▶ 17.25 Footballer's Wives - Extra Time (15:18) Framlenging á einum vinsælasta þætti Stöðvar 2 á síðari árum. Spússur fótboltastjarnanna eru mættar enn og aftur til leiks og viðhöldin einnig, ennþá svaklegri, ennþá svæsnari.

17.50 Footballer's Wives - Extra Time (16:18)

18.15 X-Files

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks Hágæða bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

20.00 Totally Frank

20.25 Footballer's Wives - Extra Time (15:18)

20.50 Footballer's Wives - Extra Time (16:18)

21.15 X-Files (e) (2Shy)

22.00 Pressa (4:6)

22.50 Prison Break (8:22)

23.35 Cold Case (1:23) Lily Rush og félagar halda þar uppteknum hætti við að rannsaka óupplýst sakamál, sem safnað hafa ryki í skjálaskápum lögreglunnar.

00.20 Sjáðu

00.45 Johnny Zero (11:13)

01.30 Lovespring International (3:13)

01.55 Big Day (3:13)

02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mér finnst Stöllumar Ásdís, Ellý, Kolfinna og Elisabet koma tvefjar undan helginni með allt það nýjasta úr vetrarlífi íbúa eyjunnar bláu sem eru að takast á við skammdegið með afar misjöfnum árangri.

21.00 Gamli góði Villi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lætur ekki deigan síga þótt gefi á bátinn. Stjórnar klukkutímaþætti um það sem honum er efst í huga og málin sem hann er að berjast fyrir fyrir höfuðborgar-búa, en margir sakna hans sárlega úr borgarstjórnunum.

DR 1

11.00 TV Avisen 11.10 21 Söndag 11.50 Aftenshowet 12.15 OBS 12.20 Guide til veirs 12.50 DR1 Dokumentaren - Ravsstrø 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med Vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste 15.30 Robotboy 15.45 Troldspejlet 16.15 Den lille Julemand 16.30 Jul i Swinget 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Søren Ryge - Manden og ømen 19.00 Michael Palin i det nye Europa 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Efter Thomas 22.35 OBS 22.40 Seinfeld 23.05 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste

NRK1

11.10 Kjempekrabbenes invasjon 11.40 Grosvold 12.20 Åpen himmel: Engler i advent 12.50 Med hjertet på rette staden 13.40 Urter 14.00 Newton 14.30 Erstatte 15.00 Absalons hemmelighet 15.30 Supermusikk 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Barnas superjul 17.30 Katiakaj og BenteBent 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Berre ein gris 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Jane Eyre 21.30 Store studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Keno 22.20 Kriminalsjeff Foyle 23.55 Nytt på nytt 0.25 Kulturnytt

SVT 1

11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 12.45 Karriär 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Ramp 16.30 Krokmax 17.00 Bolibompa 17.25 Min förskola 17.30 Julkalendern: En riktig jul 17.45 Hjämkontoret 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Andra Avenyn 19.30 Föreställningar 20.30 Kobra 21.00 En pappas kamp 22.00 Rapport 22.10 Kulturnyheterna 22.20 Båbber & co 23.20 Vita huset 0.05 Sändningar från SVT24

Borgin er full af Vildarpunktum

SAFNAÐU ÞEIM MEÐ ÞVÍ AÐ SETJA FASTEIGNAGJÖLDIN Á VISA

VISA Boð
- BODGREIÐSLUR

VISA-kreditkorthöfum stendur til boða að setja fasteignagjöldin í Boðgreiðslur, þ.e.a.s. að greiða þau með reglulegum færslum af VISA-kortinu.

Þeir sem nýta sér þennan þægilega kost fá ekki lengur sendan reikning fyrir fasteignagjöldunum en þess í stað gildir færslan á VISA-yfirlitinu sem staðfesting á greiðslu.

Allir korthafar sem eru með fasteignagjöldin á Boðgreiðslusamningi og greiða með Vildarkorti VISA og Ícelandair eiga möguleika á að vinna 100.000 Vildarpunkta*

* 5 heppnir korthafar sem greiða fasteignagjöldin með Vildarkorti VISA og Ícelandair verða dregnir út þann 29. febrúar 2008 og haft verður samband við þá heppnu. Þeir sem þegar greiða fasteignagjöldin með VISA Boðgreiðslum þurfa ekki að skrá sig aftur og eru í pottinum.

Þeir korthafar sem hafa áhuga á að greiða fasteignagjöld sín hjá Reykjavíkurborg með VISA Boðgreiðslum geta skráð sig í Rafrænni Reykjavík á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, hringt í síma 4 11 11 11 og einnig er hægt að skrá fasteignagjöldin á www.valitor.is/visabod

Reykjavíkurborg

VISA

Vildarklúbbur

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er rosaleg alæta á tónlist og mér er strítt á því að ég sé með hallærislegasta tónlistarsmekk á landinu. Ég hlusta á Abba, Bubba, Sigurð Flosa og ítalskar ariur, allt í bland. Músikin fer eftir skapinu, en ég elska ítalskar ariur af því að ég tala ítölsku og er nú svo mikil dramadrottning.“

Rut Káradóttir, innanhúsarkitekt.

Logi býður upp í eftirhermudans

Logi Bergmann upplýsti í þætti sínum, Logi í beinni, í síðustu viku að hann hygðist efna til ópinbers Íslandsmóts í eftirhermum og eru sigurlaunin ekki af verri endanum, sérhannaður bikar. Að sögn sjónvarpsmannsins er að koma smá mynd á keppnina sem hefst strax á föstudaginn í næstu viku. „Formaður dómnefndar verður að sjálfsgöðu eini maðurinn sem hefur verið í fullu starfi við að herma eftir fólki, Jóhannes Kristjánsson,“ segir Logi. Hann sjálfur gerir lítið af því að herma eftir þjóðþekktar persónur,

segist einu sinni á ári reyna við Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóra í Kópavogi. „En það er nú tiltölulega einfalt, maður lækkar bara röddina niður úr öllu valdi og segir að það sé gott að búa í Kópavogi.“

Logi hefur þegar fengið til liðs við sig



BUBBA-GRÍN Hjálmar Hjálmarsson hyggst eflaust sanna fyrir þjóðinni að hann sé besta Bubba-efitirherman.

nokkra þekkt einstaklinga sem ætla að reyna að hýra fyrsta meistaratitilinn í þessari þjóðarþrótt íslenskra grínista. Meðal þeirra er útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson og Hjálmar Hjálmarsson, löngu frægur fyrir Bubba-Grín sitt, en hann hyggst vafalítið sanna fyrir fullt og allt að hann sé besta Bubba-efitirherma landsins eftir að Jón Gnarr gerði heidarlega tilraun til að stela þeirri krúnu í Skaupinu. Einnig hefur verið staðfest

að leikarinn Atli Rafn Sigurðarson ætli að tróa upp og reyna fyrir sér á þessu sviði. Má gera ráð fyrir að hann prófi jafnvel Halldór Laxness enda vakti leikarinn nóbelskaldid til lífsins í leikverkinu Halldór í Hollywood.

Logi segir að áhorfendur heima í stofu eigi líka að leggja höfuðið í bleyti og endilega senda honum póst á logiibeinni@365.is ef þeir viti um góða eftirhermu eða séu jafnvel sjálfir snillingar í þessu fagi. -fsg

ÚTVARPSHERMIKRÁKAN Freyr Eyjólfsson, útvarpsmaður á Rás 2, þykir lunkinn eftirherma.

BIKAR Í BODI Logi er þegar búinn að láta hanna bikar sem verður afhentur bestu eftirhermu landsins.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. fjötur 6. klafi 8. fugl 9. gums 11. tveir eins 12. frumefni 14. mælieining 16. núna 17. frjóf 18. umhyggja 20. 999 21. betl.

LÓÐRÉTT

1. íprótt 3. bor 4. matari 5. saur 7. hænsnflugl 10. blása 13. heyskapar-amboð 15. losa 16. á nefi 19. átt.

LAUSN

LÖRÉTT: 1. golf, 3. al, 4. fótrari, 5. tað, 7. kalkunn, 10. púa, 13. orf, 15. tæma, 16. nös, 19. ná. LÓÐRÉTT: 2. hátt, 6. ok, 8. íða, 9. lap, 11. óð, 12. flúor, 14. karat, 16. nú, 17. fræ, 18. ónn, 20. ím, 21. snap.

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Start- og hleðslutæki

12 - 24V "booster"
Frábært verð.

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið

KORMÁKUR GEIRHARÐSSON: VERTAR AÐ MISSA PÖLINMÆÐINA

Borgin kærir bar vegna reykinga

„Ég veit að hann á Barnum, sem er líklega með einasta reykerbergi sem til er á krá, ætla alla leið með þetta mál og láta á reyna fyrir dómstólum,“ segir Kormákur Geirharðsson veitingamaður og meðlimur í Félagi kráareigenda. Vaxandi óánægja er meðal verta vegna tóbakslaganna svokölluðu. Rekstur nokkurra kráa ramar á barmi gjaldþrots og er það einkum rakið til óbilgírni hins opinbera. Kormákur er ómyrkur í máli.

Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, átti fund með lögmanni á fimmtudag þar sem farið var yfir þetta tiltekna mál. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þegar hafi verið ákveðið að stefna Barnum við Laugaveg. Ástæðan er sú að þar er reykerbergi innandyrna. Rósa segist ekki getað tjáð sig þar um en segir hins vegar:

„Þetta er klárlega brot á tóbakslögum. Ekki má útbúa reykerbergi. Það má reykja á útsvæðum. Við höfum skoðað þau úrræði sem við höfum. Að kæra og innsigla, en látið hefur verið á það reyna að þeir færu eftir okkar fyrirmælum,“ segir Rósa. Hún bendir á, í tengslum við vaxandi óánægju verta, að þeirra sé, auk lögreglu og heilbrigðis- og vinnueftirlits, að framfylgja lögum. Við löggjafann sé að sakast séu menn óánægðir. „Við erum bara að vinna vinnuna okkar.“

Kormákur er einn helsti talsmaður bareigenda og hann segir þá binda við það vonir að menn í nefndum finni boðlega leið því ástandið sé með öllu óviðunandi. Hann nefnir sem dæmi að ónefndur bar horfi fram á 40-60 prósentu minni innkomu eftir að hin umdeildu tóbakslög tóku gildi. „Það er meira en spurning um líf og dauða. Það þýðir að menn eru að borga með sér.“ Þölinmæðin er við að breyta og þegar er farið að bera á því að bareigendur sjái í gegnum fingur sér við fólk kveiki það sér í sigarettu innan



KLÁRLEGA BROT Rósa Magnúsdóttir hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar segir að reykerbergið sem útbúið hefur verið á Barnum sé klárlega brot á tóbakslögum.



ÓÁNÆGÐUR Kormákur Geirharðsson þekkir dæmi þess að staðir horfi upp á allt að 60 prósentu minni innkomu eftir að tóbakslögin umdeildu tóku gildi. Vaxandi óánægja er meðal verta vegna tóbakslaganna.

BARINN Eigandi Barsins ætla að láta á málið reyna fyrir dómstólum, að sögn Kormáks.

dyra ef gaddur og hríð er úti.

En Kormákur og félagar eru ekki bjartsýnir á að löggjafinn sjái ljósið. Þannig skrifaði Ásta R. Jóhannsdóttir alþingismaður grein í blaðið 24 stundir í vikunni sem ekki er hægt að skilja öðruvísi en hótun. „Ég hvet veitingamenn til að vera löghlýðna ella verða þar til bærir eftirlitsaðilar að taka á málum. Lögbrot verða ekki liðin,“ skrifar Ásta. Kormákur segir ekki hægt að ræða við fanatíkusa.

„Gerum Ástu að sendiherra í Orkneyjum þaðan sem hún getur vælt. Það þýðir ekki að hafa fanatíkusa í ábyrgðarstöðum. Og þetta máttu prenta. Það búa allir í þessu landi. Af hverju er ekki hægt að miða við sænsku lögin þar sem má hafa reykrými að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Síðan hvenær urðum við meiri púrítanar en Svíar? Þar hlýtur að vera einhver þröskuldur sem við hoppum ekki yfir.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Línur hjá kátum bókaútfendur eru að skýrast hvað varðar skilaféttur en Fréttablaðið hefur saggt frá því að síðasta vertíð sló öll met í bóksölu.

Arnaldur Indriðason seldi langmest og slagaði eintakafjöldi til búða hátt í 30 þúsund.

Frá Forlaginu berast þær fréttir að enn sem komið er séu skil með allra minnsta móti og útlit fyrir að þjóðin hafi gert minna af því en áður að skila jólagjöfunum. Útgefendur segja að skil geti orðið allt að 30 prósent seldra bóka en nú stefnir í að hlutfallið nái ekki 20 prósentum.

Finnur Þór Vilhjálmsson

lögmaðurinn knái, fyrrum sjónvarps- og blaðamaður, hefur lagt inn réttindi sín sem héraðsdómslögmaður. Það kemur til af góðu einu.

Finnur hefur nefnilega söðlað um og er nú genginn til liðs við **Tryggva Gunnarsson**, umboðsmann Alþingis, og hans menn. Alsíða er að lögmenn sem ekki eru praktiserandi leggi réttindi sín inn um hríð. Þeir eiga þá ekki yfir höfði sér að vera skipaðir í að flytja mál eða borga félagsgjöld – lögmenn þurfa nefnilega að sinna ýmsum skilyrðum og samfélagslegum skyldum hvað sem öllum löggæðingabróndurum líður.

-jbg

Veggjakrot eykst í bíóhúsum

Veggjakrot hefur aukist mikið, bæði í Sambíónum og í Smárabíó, auk þess sem sæti eru ítrekað skorin í bíósölunum. „Þetta hefur aukist gríðarlega mikið á undanföllum mánuðum og það má segja að síðasta ár hafi verið það alversta,“ segir Jón Eiríkur Jóhannsson, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa Senu, um krotið.

Nýlega var krotað á viðarhurðir í sal eitt í Smárabíó og nemur tjónið þrjú til fjögur hundruð þúsund krónum. „Það þarf að spónleggja þær upp á nýtt,“ segir Jón Eiríkur. „Þessi slæma umgengni er aðallega í Smárabíó þar sem yngri fólk kemur. Þar er farið að bera á minni virðingu fyrir umhverfinu.“

Jón segir lítið hægt að gera við þessari þróun nema laga sem

fyrst það sem skemmist. Einnig hafa starfsmenn reynt að fylgjast betur með gestunum, sérstaklega þegar unglingamyndir eru sýndar. „Við hikum ekki við að setja fólk inn í sali og jafnvel starfsfólk á frívöktum til að fylgjast með þessu.“

Einar Dráinsson, rekstrarstjóri kvikmyndahúsa hjá Sambíónum, segir að veggjakrot hafi einnig aukist mikið í kvikmyndahúsum þeirra. „Það er kostnaður að láta þrifa þetta og mála. Menn hafa líka verið að skera heilu seturnar og rífa innan úr þeim en samt hafa skemmdirnar á sætum ekki aukist hjá okkur.“ Einar segir að myndavélakerfi sé í húsinu sem hafi borið góða raun en vegna versnandi umgengni ihugi hann að auka eftirlitið með einhverjum hætti.



JÓN EIRÍKUR JÓHANNSON Veggjakrot hefur aukist gríðarlega í íslenskum kvikmyndahúsum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HORFÐU Á HEIMSINS BESTA HANDBOLTA

Í SHARP® SJÓNVARPI



Handball
EURO
2008
17-27 January

Handboltaverð – meðan á keppninni stendur!



32" LCD SHARP sjónvarp
SHARP LC32WD1E

Handboltaverð kr. 119.900,-

42" LCD SHARP sjónvarp
SHARP LC42WD1E

Handboltaverð kr. 184.900,-

- HD Ready: 1366x768 punkta upplausn • Skerpa: 1200:1 (3000:1 Dynamic), frábær dýpt og litaskerpa • Svartími: 6ms • Sjónsvið: 176°/176°
- DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort • Clear Flat hljóðkerfi, góður og krafmikill hljómur • TruD myndvinnsla: eykur skerpu, mýkir línur og hreyfingar • Tengingar: 2 x HDMI, 2 x SCART, VGA (D-sub), Component, AV/S-Video

SHARP®

- Frumkvöðull LCD-sjónvarpstækninnar.
- Einn stærsti sjónvarpsframleiðandi í heimi.

GERÐU GÓÐ KAUP – OG VELDU VANDAÐ!

ORMSSON

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSI
SÍMI 480 1160

BAKPANKAR
Práins
BertelssonarBirnir og
býflugur

Af einhverjum ástæðum leitar Ákveðin dæmisaga aftan úr fornaskju á hugann. Sumir segja að þessi dæmisaga sé samin af Æsóp sem var þræll hjá Grikkjum um miðja sjöttu öld fyrir fæðingu Krists. Sagan fjallar um björn og býflugur og er svona:

BJÖRN nokkur varð fyrir býflugubiti. Sársaukinn gerði björninn svo reiðan að hann leitaði uppi býflugnabúinu og velti því um koll. Við þessa árás fauk í býflugurnar og þær réðust á björninn og stungu hann af slíkri heift að hann lagði á flótta og átti fótum fjör að launa. Þar sem björninn sat og sleikti sár sín fór ekki hjá því að sú hugsun læddist að honum að skynsamlegra hefði verið að umbera eina misgjörð í stað þess að kalla yfir sig með ofstopa þúsund árásir miklu verri.

PESSA dæmisögu hefur Æsóp hugsanlega samið með það í huga að vara birni framtíðarinnar við því að beita afli sínu með óskynsamlegu offorsi. Samt hefur trúlega aldrei hvarflað að honum að nokkur björn ætti eftir að beita kröftum sínum til að breyta dómskerfi samfélagsins í unglingavinnu til að gleðja sextugan vopnabróður sinn. Né heldur að einhver padda ætti eftir að stinga þann björn í bakið sem helst voru bundnar vonir við að gæti með tíð og tíma orðið dugandi býflugnabóndi.

FORNAR dæmisögur eru heillandi vegna þess að þær segja okkur að eðli manna og dýra hefur furðulítið breyst þótt árbúsund líði. Ennþá misbeita grunnhyggjur birnir afli sínu og kalla yfir sig andúð heilla þjóða. Ennþá reita litlar býflugur stóra birni til reiði jafnvel þótt þær eigi það á hættu að reiðin beinist að býflugnabúinu sem varðveitir hunangið sem nærir þær.

HINN augljósi boðskapur þessarar fornu dæmisögu er að það sé skynsamlegt fyrir bæði birni og býflugur að halda ró sinni. Nákvæmlega eins og forsætisráðherrann segir núna að sé svo mikilvægt til þess að það fari ekki allt til fjandans hérna í litla býflugnabúinu okkar.

BOÐSKAPURINN getur líka verið sá að birnir og býflugur sem afla hunangs með svo ólíkum aðferðum verði seint til friðs hvað svo sem allri skynsemi líður – og öllum ráðleggingum um að halda ró sinni. Djúpvitur maður, þrællinn Æsóp.



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
21. janúar, 21. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 10:41	13:39	16:37
Akureyri 10:44	13:23	16:04

Heimild: Almanak Háskólans

LEGACY

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

TRYGGÐU ÞÉR
LEGACY NÚNA

SUBARU LEGACY ER SÉRLEGA VEL BÚINN OG FLOTTUR BÍLL Á HREINT ÓTRÚLEGU VERÐI. LEGACY ER FJÓRHJÓLADRIFINN OG HLAÐINN BÚNAÐI SEM GERIR HANN AÐ LANGBESTU KAUPUNUM Í SÍNUM FLOKKI. GERÐU SAMANBURÐ – ÞÚ SÉRÐ EKKI EFTIR ÞVI.

BJÓÐUM ÖRFÁA BÍLA Á SÉRKJÖRUM

Subaru Legacy



Ríkulegur búnaður: Fjór hjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geisla-spilari, 17" álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölv, hraðastillir o.m.fl.

Verð frá:
2.650.000 kr.

ENNEEM / SIA / INN3166



Góð þjónusta á nýju verkstæði

Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkornasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Akureyri, Öseyri 5, 464 7940Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

INGVAR HELGASON